

Norræna eldfjallastöðin 0301
Háskóli Íslands

GPS merki á Íslandi

1986 til 2002

Reykjavík 2003

Norræna eldfjallastöðin 0301
Háskóli Íslands

GPS merki á Íslandi

1986 til 2002

**Rósa Ólafsdóttir
Erik Sturkell
Halldór Ólafsson
Gunnar Þorbergsson
Páll Einarsson
Markus Rennen
Halldór Geirsson
Theodór Theodórsson**

**Norræna eldfjallastöðin
Veðurstofa Íslands
Norræna eldfjallastöðin
Orkustofnun
Raunvísindastofnun Háskóla Íslands
Landmælingar Íslands
Veðurstofa Íslands
Landsvirkjun**

Reykjavík 2003

Inngangur

Þessi skýrsla inniheldur allar tiltækar upplýsingar um GPS mælingar og mælingastaði á Íslandi frá upphafi mælinga árið 1986 til ársins 2002.

Tilgangurinn er annars vegar sú augljósa hagræðing sem felst í því að hafa þessar upplýsingar á einum stað og hins vegar að samræma staðarlýsingar og stuttnefni hinna ýmsu stofnana sem að GPS mælingum koma.

Grunnur þessarar samantektar byggir á skýrslum sem unnar hafa verið hjá eftirtöldum stofnunum:

Landmælingar Íslands (Bragi Guðmundsson og Axel Einarsson 1986, *GPS measurements 1986. Station descriptions*, Bragi Guðmundsson og Axel Einarsson 1987, *GPS measurements 1987. Station descriptions*, Gunnar Þorbergsson og Ingvar Þór Magnússon 1997, *Stöðvarlýsingar í grunnstöðvaneti 1993*).

Norræna eldfjallastöðin (Halldór Ólafsson 1996, *Landmælingamerki Norrænu eldfjallastöðvarinnar 1976 til 1995*).

Orkustofnun (Gunnar Þorbergsson et. al. 1998, *GPS mælingar á Norðurlandi vegna tengingar þríhyrninganeta við landsnet með viðmiðun ÍSN93*, Gunnar Þorbergsson et. al. 1998, *GPS-mælingar á Austurlandi vegna tengingar þríhyrninganeta við landsnet með viðmiðun ÍSN93*, Gunnar Þorbergsson og Guðmundur H. Vigfússon 1999, *Fallmælingar og GPS mælingar á utanverðum Reykjanesskaga 1999*, Gunnar Þorbergsson et. al. 2000, *GPS-mælingar á Vestfjörðum vegna tengingar þríhyrninganeta við landsnet með viðmiðun ÍSN93*, Gunnar Þorbergsson et. al. 2000, *GPS-mælingar í Þingeyjarsýslum vegna tengingar þríhyrninganeta við landsnet með viðmiðun ÍSN93*, Gunnar Þorbergsson 2001, *GPS-mælingar á Hengilssvæði í maí og júní 2001*, Gunnar Þorbergsson 2002, *GPS-mælingar á Hengilssvæði í maí og júní 2002*, Gunnar Þorbergsson et. al. 2002, *GPS-mælingar á Suðurlandi vegna tengingar þríhyrninganeta við landsnet með viðmiðun ÍSN93*).

Raunvísindastofnun Háskóla Íslands (Páll Einarsson 1991, *Landmælingar með GPS-gervitunglum*, Páll Einarsson 1993, *Benchmarks of GPS-measurements in Iceland 1986 - 1991*, Sigrún Hreinsdóttir et. al. 1997, *GPS Geodetic Measurements around Bárðarbunga volcano, Central Iceland*).

Einnig fengust þarfar upplýsingar úr skýrslum frá bandarískum, breskum, frönskum og þýskum vísindamönnum sem stundað hafa mælingar hér á landi ýmist á eigin vegum eða í samstarfi við íslenskar stofnanir.

Nokkrar staðarlýsingar vantar og væri vel þegið ef notendur þessarar skýrslu sem vita betur bættu þar úr. Í öllum þáttum skýrslunnar er stafrófsröð stuttnefna látin ráða þar sem þau er að finna, en annars staðar eru staðarheiti í stafrófsröð. Á nokkrum stöðum eru númer í stað stuttnefna og er þá lægsta talan fyrst og svo hækkandi koll af kalli. Að öðru leyti skýrir skýrslan sig sjálf. Vafalítið finnast einhverjar villur í þessari skýrslu. Sé svo er beðist velvirðingar á þeim og eru allar upplýsingar vel þagnar.

Thierry Villemin frá háskólanum í Savoie, Frakklandi, Michael Heinert frá Technische Universität Braunschweig, Þýskalandi, Christof Völksen frá Bayerische Akademie der Wissenschaften, Þýskalandi, Ingvari Þór Magnússyni hjá Orkustofnun, Þóru Árnadóttur og Freysteini Sigmundssyni hjá Norrænu eldfjallastöðinni, Sigrúnu Hreinsdóttur og Eysteini Tryggvasyni, eru færðar bestu þakkir fyrir veitta aðstoð.

Halldór Ólafsson

Efnisyfirlit

Inngangur	i
Efnisyfirlit	ii
Landshlutaskipting GPS merkja	iv
Kort yfir mælistöðvar í GPS grunnstöðvaneti 1993	v
Kort yfir fastar GPS stöðvar	vi
Tafla yfir fastar GPS stöðvar	vii
Skammstafanir	viii

Merkjaskrár og lýsingar:

Austurland (A)

Merkjaskrá	1
Kort: GPS merki á Austurlandi	2
Kort: GPS merki við Löginn	3
Merkjalýsingar	4
Mælingar	21

Austurhálandi (AH)

Merkjaskrá	22
Kort: GPS merki á Austurhálandi	23
Kort: GPS merki í Dyngjufjöllum	24
Merkjalýsingar	25
Mælingar	46

Miðhálandi (MH)

Merkjaskrá	47
Kort: GPS merki á Miðhálandi	48
Merkjalýsingar	49
Mælingar	65

Norðurland (N)

Merkjaskrá	66
Kort: GPS merki á Norðvesturlandi	70
Kort: GPS merki á Norðausturlandi	71
Kort: GPS merki á Reykjaheiði og Tjörnesi	72
Kort: GPS merki í Gjástykki og við Kröflu	73
Kort: GPS merki við Mývatn	74
Merkjalýsingar	75
Mælingar	132

Reykjanes (R)

Merkjaskrá	135
Kort: GPS merki á Reykjanesi	140
Kort: GPS merki á Hengilssvæði	141
Kort: GPS merki á utanverðu Reykjanesi	142
Merkjalýsingar	143
Mælingar	192

Suðurland (S)

Merkjaskrá.....	198
Kort: GPS merki á Suðurlandsundirlendi.....	203
Kort: Sprungumælingar á Suðurlandi	204
Kort: GPS merki á Vestmannaeyjum og í Surtsey.....	205
Kort: GPS merki við Heklu.....	206
Kort: GPS merki við Torfajökul.....	207
Kort: GPS merki við Eyjafjalla- og Mýrdalsjökul	208
Kort: GPS merki á Suðausturlandi	209
Kort: GPS merki við Höfn í Hornafirði	210
Merkjalýsingar	211
Mælingar	281

Vesturland (V)

Merkjaskrá.....	295
Kort: GPS merki á Vesturlandi	296
Merkjalýsingar	297
Mælingar	307

Vestfirðir (VF)


Merkjaskrá.....	308
Kort: GPS merki á Vestfjörðum.....	310
Merkjalýsingar	311
Mælingar	333

Vesturhálandi (VH)


Merkjaskrá.....	335
Kort: GPS merki á Vesturhálandi.....	336
Merkjalýsingar	337
Mælingar	348

Listi yfir mælingaferðir	349
Listi yfir mældar stöðvar í mælingaferðum.....	352
Heimildir	407
Eyðublað fyrir GPS mælingar (sýnishorn til fjölföldunar)	411


Landshlutaskipting



Mælistöðvar í GPS grunnstöðvaneti 1993 - ISNET



Fastar GPS stöðvar



Fastar GPS stöðvar - Upphaf mælinga

Stuttnefni	Númer	Heiti stöðvar	Svæði	Mælingar hófust
AKUR	----	Akureyri - föst stöð	N	31. júlí 2001
ARHO	NE200202	Árholt - föst stöð	N	22. júní 2002
HLID	NE9903	Hlíðardalsskóli - föst stöð	R	21. maí 1999
HOFN	----	Höfn - föst stöð	S	27. maí 1997
HVER	NE9902	Hveragerði - föst stöð	R	25. mars 1999
HVOL	NE9906	Láguhvolar - föst stöð	S	19. okt. 1999
ISAK	OS 7386	Ísakot - föst stöð	S	10. janúar 2002
KIDJ	NE200101	Kiðjaberg - föst stöð	S	25. janúar 2001
MORK	NE9909	Miðmörk - föst stöð	S	Ekki hafnar!
OLKE	NE9904	Ölkelduháls - föst stöð	R	25. maí 1999
REYK	----	Reykjavík - föst stöð	R	2. nóv. 1995
REYZ	----	Reykjavík - föst stöð	R	11. sept. 1998
RHOF	----	Raufarhöfn - föst stöð	N	20. júlí 2001
SELF	NE200102	Selfossflugvöllur - föst stöð	R	6. febrúar 2002
SKRO	NE0003	Skrokkalda - föst stöð	MH	21. sept. 2000
SNAE	NE9907	Snæbýli - föst stöð	S	Ekki hafnar!
SOHO	NE9905	Sólheimaheiði - föst stöð	S	24. sept. 1999
STOR	NE200103	Stórolfshvoll - föst stöð	S	Ekki hafnar!
THEY	NE0001	Þorvaldseyri - föst stöð	S	15. maí 2000
VMEY	NE0003	Vestmannaeyjar - föst stöð	S	27. júlí 2000
VOGS	NE9901	Vogsósar - föst stöð	R	18. mars 1999



Samfelldar GPS mælingar á Sólheimaheiði (SOHO). Fastmerkið er steipt í klöpp undir miðjum stálfótum sem einnig er boltaður í klöppina. GPS viðtækið er í kassa utan á stálfótum. Gögn eru sótt um GSM mótalda (svart greiðulofnet). Rafmagnsframleiðsla fer fram á staðnum með vindrafstöð og sólarcellu.
(Mynd: Bergur H. Bergsson)

Skammstafanir

AK	Akureyrarbær, Akranes
BH	Höfn
D/DM	Darhmouth
FM	Fallmælingar Raforkumálaskrifstofu (nú Orkustofnun)
FS	Flugmálastjórn
FV	Verkfræðistofan Frostverk
GR	Vegagerðin (Grindavík)
HH	Höfn í Hornafirði
HN	Hnit hf.
IF	Ísafjarðarbær
KF	Keflavíkurbær
LÍ/LM	Landmælingar Íslands (National Land Survey of Iceland)
LV	Landsvirkjun
NE	Norræna eldfjallastöðin (Nordic Volcanological Institute)
OS	Orkustofnun (National Energy Authority)
RE	Reykjavíkurborg
RH	Raunvísindastofnun Háskóla Íslands (Science Institute, University of Iceland)
SN	Hnit hf. (Suðurnes)
TUB	Technische Universität Braunschweig
VG/VR	Vegagerðin


Skammstafanir landshluta

A	Austurland
AH	Austurhálandi
MH	Miðhálandi
N	Norðurland
R	Reykjanes
S	Suðurland
V	Vesturland
VF	Vestfirðir
VH	Vesturhálandi


Austurland - Merkjaskrá

Stuttnefni stöðvar	Númer stöðvar	Heiti stöðvar	Fyrsta stuttnefni	Stuttnefni Þjóðverja	Stuttnefni Ísnets	Breidd	Lengd
BAFJ	LM 0334	Bakkafjörður I - stöpull	----	----	LM0334	66°02'28"	14°47'24"
BAGE	LM 0337	Bakkagerði I - stöpull	----	0337	LM0337	65°31'18"	13°48'12"
BAKF	LM 0513	Bakkafjörður II	0083	0083	----	66°02'28"	14°47'24"
BAKK	OS 7368	Bakkagerði II	0N16	0062	----	65°31'19"	13°48'08"
BREH	LM 0343	Breiðdalsheiði I - stöpull	----	----	LM0343	64°54'21"	14°35'52"
BRHE	LM 0517	Breiðdalsheiði II	0088	0088	----	64°54'21"	14°35'52"
DJUP	RH 8436	Djúpivogur	0060	0060	----	64°38'48"	14°17'01"
DJUV	LM 0346	Djúpivogur A - stöpull	----	0346	LM0346	64°39'14"	14°15'37"
EGIL	LM 0339	Egilsstaðir - stöpull	----	----	LM0339	65°15'30"	14°24'11"
FM7449	OS 7449	Brúarás	7449	----	----	65°26'17"	14°36'31"
GAGN	OS 5434	Gagnheiðarhnjúkur	5434	----	----	65°13'23"	14°15'35"
GEIK	LM 0336	Geirastaðaklettur I - stöpull	----	0336	LM0336	65°35'30"	14°22'48"
GEKL	LM 0515	Geirastaðaklettur II	0086	0086	----	65°35'30"	14°22'49"
HAAS	OS 7461	Háiás	----	----	OS7461	64°37'50"	14°49'41"
HOFT †	OS 5462	Hofteigur II	N15	0046	----	65°21'22"	14°52'09"
HORN	OS 5425	Hornbrynja	5425	----	----	64°51'44"	14°56'42"
HOTE	LM 0340	Hofteigur I - stöpull	----	----	LM0340	65°21'23"	14°52'08"
HRAU	LM 0347	Hraunkot NA - stöpull	----	----	LM0347	64°23'19"	14°47'47"
HVAL	RH 9101	Hvalnes	----	----	----	64°24'13"	14°32'31"
JKH	OS 5460	Jökulhæðir	5460	----	----	64°42'32"	14°59'24"
KANE	LM 0345	Kambanes - stöpull	----	----	LM0345	64°48'24"	13°50'45"
KETL	----	Ketilstaðir	0087	0087	----	65°11'31"	14°29'43"
KOLB	OS 7369	Kolbeinstangi	N14	0035	----	65°46'29"	14°47'48"
L001	OS 5701	Dratthalastaðir	5701	----	----	65°32'15"	14°20'21"
L004	OS 5704	Völsungi	5704	----	----	65°29'58"	14°22'47"
L013	OS 5713	Eiðar vestan	5713	----	----	65°22'19"	14°22'06"
L021	OS 5721	Steinholt	5721	----	----	65°16'08"	14°21'03"
L025	OS 5725	Höfði	5725	----	----	65°14'06"	14°27'01"
L027	OS 5727	Eyjófsstaðir NA	5727	----	----	65°11'31"	14°29'43"
L031	OS 5731	Mjóanes	5731	----	----	65°08'54"	14°38'17"
L034	OS 2053	Hrafngerðisbjarg	2053	----	----	65°09'05"	14°43'37"
L042	OS 5742	Bessastaðarétt	5742	----	----	65°02'53"	14°55'59"
L045	OS 5745	Víðivellir ytri	5745	----	----	65°00'42"	14°56'51"
SORL	LM 0338	Sörlastaðaá - stöpull	----	----	LM0338	65°17'02"	13°53'14"
TEIA	LM 0344	Teigará - stöpull	----	0344	LM0344	65°01'08"	13°48'05"
VIKU	LM 0711	Víkurheiði	0061	0061	----	65°01'23"	13°45'29"
VOPN	LM 0335	Vopnafjörður - stöpull	----	0335	LM0335	65°45'27"	14°49'47"
	OS 5464	Blöndugerði austan	5464	----	----	65°26'45"	14°31'58"
	OS 7464	Bóndavarða SSV	7464	----	----	64°39'18"	14°16'31"
	OS 7460	Bragðavellir SA	7460	----	----	64°38'07"	14°29'13"
	OS F007	Efristafur	8807	----	----	65°14'14"	14°07'14"
	FS EG01	Egilstaðaflugvöllur	8888	----	----	65°16'42"	14°24'20"
	OS 2051	Ekkjufell	2051	----	----	65°16'35"	14°27'28"
	OS F001	Fjarðarsel	F001	----	----	65°14'36"	14°02'02"
	OS 7151	Hrafnabjörg	7151	----	----	65°34'10"	14°03'32"
	OS 5624	Hvammur NA	5624	----	----	65°00'48"	14°59'22"
	OS 7152	Jökulsárhlíð	7152	----	----	65°36'47"	14°28'33"
	OS 5610	Kelduskógar	5610	----	----	64°46'24"	14°25'12"
	OS 7463	Melrakknes sunnan	7463	----	----	64°35'45"	14°25'54"
	OS 7150	Móberg NNV	7150	----	----	65°34'06"	14°17'31"
	OS 7462	Múli	7462	----	----	64°34'57"	14°37'20"
	FS NF02	Norðfjörður flugvöllur	8889	----	----	65°07'59"	13°44'29"
	OS F016	Norðurbrún	8816	----	----	65°16'13"	14°15'22"
	OS 2059	Steinvæðsfell	2059	----	----	65°28'54"	14°20'31"
	OS 7450	Þingmúli	7450	----	----	65°00'56"	14°38'21"
† Ónothæf							

GPS merki á Austurlandi



GPS merki við Löginn



Austurland - Merkjalyásingar

BAFJ

Bakkafjörður I – stöpull

LM 0334

1992

Hnit: N66°02'28", V14°47'24"

Austan við Hafnarvík, sem er á norðurmörkum þorpsins Bakkafjörður. Landmælingastöpull í harðri klöpp í móbergshrygg 8x17 m að stærð 25 m norðvestan vegar, 25 m suðvestan við hvítan skúr og 12 m vestan við fisktrönur. Staðurinn er 50-100 m frá ströndinni við austurmörk Hafnarvíkur. Skeggjastaðahreppur lét reisa stöpulinn. Akið þjóðveg 85 frá Vopnafirði eða Þórshöfn að vegi 91 BAKKAFJÖRÐUR og 5,7 km eftir þeim vegi gegnum þorpið. Bolti LM0513 er 1 m vestan við stöpulinn. Bolti merktur FV-53 er 4 m norðan stöpuls.

East of Hafnarvík, which is on the northern boundary of the village Bakkafjörður. Pillar on bare rock on a ridge 8x17 m in size 25-m northwest off road. 25 m southwest of a white shed. The place is 50-100 m from the coast at east Hafnarvík. Skeggjastaðahreppur had the pillar constructed. Drive highway 85 from Vopnafjörður or Þórshöfn to road 91 BAKKAFJÖRÐUR and 5,7 km on that road to the village.

Bolt LM0513 is 1 m west of the pillar. Bolt marked FV-53 is 4 m north of the pillar.

BAGE

Bakkagerði I - stöpull

LM 0337

1992

Hnit: N65°31'18", V13°48'12"

Við þjóðveg 0,5 km austan Bakkagerðis. Stöpullinn er við vegamót þjóðvegarins og 200 m langs vegar norðaustur að bæ einum. Stöpullinn stendur á grágrýtisholti 8 x 16 m að stærð og í meters hæð yfir veginum. Stöðin er 13 m suðvestan vegarins og 13 m norðvestan við vegamótin. Borgarfjarðahreppur lét reisa stöpulinn. Akið nokkur hundruð metra suðaustur frá Egilsstöðum. Í stað þess að halda áfram þjóðveg 92 er beygt til norðausturs og eknir 72 km eftir vegi 94 til Borgarfjarðar eystri. Ekið er gegnum þorpið og 450 m fram hjá kirkju eftir malbikuðum vegi að vegamótum, þar sem punkturinn er. Bolti OS7368 er rúman metra norðan stöpuls.

By highway 0,5 km east of Bakkagerði. The pillar is by junction of the highway and a 200-m long road to a farm. The pillar is on a rocky hill 8x16 m in size and 1 m higher than the road. The point is 13-m southwest of the road and 13-m northwest of the road junction. Drive few hundred meters southeast from Egilsstaðir. In stead of continuing to road 92 you turn to East Borgarfjörður. Drive through the village and 450 m past a church to a junction where the point is. Bolt OS7368 is just over a meter north of the pillar.

BAKF

Bakkafjörður II
LM 0513

Hnit: N66°02'28", V14°47'24"

Við þjóðveg 0,5 km austan Bakkagerðis. Punkturinn er við vegamót þjóðvegarins og 200 m langs vegar norðaustur að bæ einum. Stöðin er 13 m suðvestan vegarins og 13 m norðvestan við vegamótin. Akið nokkur hundruð metra suðaustur frá Egilsstöðum. Í stað þess að halda áfram þjóðveg 92 er beygt til norðausturs og eknir 72 km eftir vegi 94 til Borgarfjarðar eystri. Ekið er gegnum þorpið og 450 m fram hjá kirkju eftir malbikuðum vegi að vegamótum, þar sem punkturinn er. Bolti OS7368 (Bakkagerði II) er rúman metra norðan merkisins.

By highway 0,5 km east of Bakkagerði. The point is by junction of the highway and a 200-m long road to a farm. The point is 13-m southwest of the road and 13-m northwest of the road junction. Drive few hundred meters southeast from Egilsstaðir. In stead of continuing to road 92 you turn to East Borgarfjörður. Drive through the village and 450 m past a church to a junction where the point is. Bolt OS7368 (Bakkagerði II) is just over a meter north of the point.

BAKK

Bakkagerði II
OS 7368

1986

Hnit: N65°31'19", V13°48'08"

Akið þjóðveg 1 frá Egilsstöðum (eða vegi nr. 925, 944 og 94 frá brúnni á Jökulsá á Brú) að Bakkagerði í Borgarfirði eystri. Akið eftir aðalvegi í gegn um þorpið að kirkjunni og áfram 450 m í suðaustur að vegi sem liggur í norðaustur að bóndabæ. Punkturinn er 12 m norðvestan vegamóta, í klöpp sem er 14 m suðaustan og 1 m ofan aðalvegar. Lýsing frá árinu 1986.

Drive along route #1 from the town of Egilsstaðir (or route #925, #944 and #94 from the bridge on the river Jökulsá á Brú) to the village of Bakkagerði in Borgarfjörður eystri. Drive along the main road through the village to the church and an additional 450 meters southeast along the main road to a road to the northeast leading to a farm. The point is 12 meters northwest of the intersection, in a bedrock outcrop which is 14 meters southeast of, and 1 meter above, the main road. Description: 1986.

BREH

Breiðdalsheiði I – stöpull
LM 0343

1992

Hnit: N64°54'21", V14°35'52"

Við sæluhúsið Stefánsbúð norðvestan Heiðarvatns á Breiðdalsheiði. Sæluhúsið er 15 m sunnan nýja vegarins norðan Heiðarvatns, en 180 m sunnan sæluhússins er varða 0,7 m í þvermál og 0,7 m að hæð á suðurbrún mannhæðarhárrar hæðar, en gamall vegur er 20 m sunnan hennar. Stöpullinn er 3 m norðan vörðunnar í stefnu á sæluhúsið. Breiðdalshreppur lét reisa stöpulinn. Akið þjóðveg 1 suður frá Egilsstöðum um 50 km að sæluhúsinu á Breiðdalsheiði. Það er 0,4 km austan við hreppamörk (skilti með áletrun BREIÐDALSHREPPUR) þar sem vegurinn er hæstur. Bolti/skjöldur LM0517 er við stöpulinn.

By tourist hut/shelter Stefánsbúð northwest of Heiðarvatn on Breiðdalsheiði. The tourist hut/shelter is 15 m south of the new road north of Heiðarvatn, but about 180 m south of hut/shelter is a cairn and 20 m south of that is an old road. The pillar is 3 m north of the cairn in the direction of the hut. Drive highway 1 south from Egilsstaðir about 50 km to the hut on Breiðdalsheiði. That is 0,4 km east of sign marked BREIÐDALSHREPPUR where the road is highest. Bolt/shield LM0517 is by the pillar.

BRHE

Breiðdalsheiði II

LM 0517

Hnit: N64°54'21", V14°35'52"

Við sæluhúsið Stefánsbúð norðvestan Heiðarvatns á Breiðdalsheiði. Sæluhúsið er 15 m sunnan nýja vegarins norðan Heiðarvatns, en 180 m sunnan sæluhússins er varða 0,7 m í þvermál og 0,7 m að hæð á suðurbrún mannhæðarhárrar hæðar, en gamall vegur er 20 m sunnan hennar. Merkið er 3 m norðan vörðunnar í stefnu á sæluhúsið. Akið þjóðveg 1 suður frá Egilsstöðum um 50 km að sæluhúsinu á Breiðdalsheiði. Það er 0,4 km austan við hreppamörk (skilti með áletrun BREIÐDALSHREPPUR) þar sem vegurinn er hæstur. Stöpull LM0343 er við merkið.

By tourist hut/shelter Stefánsbúð northwest of Heiðarvatn on Breiðdalsheiði. The tourist hut/shelter is 15 m south of the new road north of Heiðarvatn, but about 180 m south of hut/shelter is a cairn and 20 m south of that is an old road. The point is 3 m north of the cairn in the direction of the hut. Drive highway 1 south from Egilsstaðir about 50 km to the hut on Breiðdalsheiði. That is 0,4 km east of sign marked BREIÐDALSHREPPUR where the road is highest. Pillar LM0343 is by the point.

DJUP

Djúpivogur

RH 8436

1987

Hnit: N64°38'48", V14°17'01"

Punkturinn er nálægt flugvælinum sunnan við Djúpavog. Akið inn í miðbæ og haldið áfram á veginum að flugvælinum, um 1.1 km. Merkið er í klöpp á norðurhluta 7 m hárrar hæðar, vestan vegarins þar sem hann beygir inn á flugvöllinn, um 100 m sunnan lítils vatns. Þessi punktur er hluti af bæjarneti Djúpavogs sem var mælt af Forverki h.f. árið 1987 og bar áður númerið 3004. Þegar komið var að punktinum 1987 hafði hann verið skemmdur líkt og fleiri punktar í bæjarnetinu. Plötur höfðu verið klipptar af. Ný plata var sett á leifarnar af gamla boltanum.

This GPS point is located near the airfield south of the town Djúpivogur in Eastern Iceland. Drive to the center of town and continue on the road towards the airfield, about 1.1 km. The marker is in bedrock on the northern end of a 7 m high hill, west of the road where it turns into the airfield, about 100 m south of a small lake. This point is a part of the town survey net of Djúpivogur surveyed by Forverk h.f. in 1987, and used to have the number 3004. When the point was visited in 1987 it had been vandalized together with several other points of the town net. The plates had been cut off. It was therefore marked with a new plate attached to the remains of the old bolt.

DJUV

Djúpivogur A – stöpull

LM 0346

1992

Hnit: N64°39'14", V14°15'37"

Á Grjóteyrartanga 1 km austan við Djúpavog. Staðurinn er 800 m austur af Bóndavörðu á Djúpavogi syðst í Grjóteyrartanga 50 m frá sjó austan tangans. Stöpullinn er á grágrýtisrana, sem nær norður í tangann, 80 m frá suðurenda og 20 m frá austurbrún ranans. Búlandshreppur lét reisa stöpulinn. Akið þjóðveg 1 að þjóðvegi Djúpavogur 98 og 1,9 km að hóteli við höfnina. Þar er vegvísir merktur Flugvöllur og Hammersminni. Akið um 100 m eftir Hammersminni til suðurs og beygið til austurs inn á krókóttan veg, sem merktur er Eyjaland. Akið 0,7 km að vegamótum og áfram austur 0,8 km fram hjá öskuhaugum norður að Grjóteyrartanga.

On Grjóteyrartangi 1 km east of Djúpivogur. The place is 800 m east of Bóndavarða on Djúpivogur, south part of Grjóteyratangi 50 m from sea on east side of it. The pillar is on a rock ridge reaching north to Grjóteyratangi, 80 m from the south end and 20 m from east edge of the ridge. Drive highway 1 to highway 98 Djúpivogur and 1,9 km to hotel by the harbor. There is a signpost marked Flugvöllur (airport) and Hammersminni. Drive about 100 m on Hammersminni to south and turn east in to a crooked road, marked Eyjaland. Drive 0,7 km to junction and onward east 0,8 km past rubbish dump north to Grjóteyratangi.

EGIL

Egilsstaðir – stöpull

LM 0339

1992

Hnit: N65°15'30", V14°24'11"

Við útsýnisskífu syðst í Egilsstaðarþorpi. Stöpullinn er á sléttum klöppum 5 m sunnan við útsýnisskífu á 20 m hárrí kletthæð, sem er sú vestari af tveimur hæðum 200 m sunnan við Lyngás. Staðurinn er í beinu framhaldi af Hjarðarhlíð. Egilsstaðabær lét reisa stöpulinn. Akið til Egilsstaða að mótum hringvegjar og Fagradalsbrautar og heimreiðar að býlinu Egilsstaðir. Akið austur Fagradalsbraut, fram hjá símastöð og beygið suður Tjarnarás og suðvestur 100 m eftir Lyngás að útskoti með skilti með áletrun HRINGSJÁ. Gangið þaðan eftir göngustíg um 200 m upp á hæðina þar sem stöpullinn er. Ekki er akfært í punktinn.

By viewpoint pillar south in Egilsstaðir. The pillar is on flat rock 5 m south of viewpoint pillar on a 20-m high rocky hill, the west one of two hills 200 m south of Lyngás. The place is in direct continuance of Hjarðarhlíð. Drive to Egilsstaðir to the junction of highway 1, Fagradalsbraut and the driveway to the farm Egilsstaðir. Drive east Fagradalsbraut, past the telephone exchange and turn south Tjarnarás and southwest 100 m on Lyngás to an outshoot with a sign marked HRINGSJÁ. Walk from there on a footpath about 200 m up the hill where the pillar is. It is not possible to go to the point by car.

FM7449

Brúarás

OS 7449

1987

Hnit: N65°26'17", V14°36'31"

800 m vestan gömlu brúar yfir Jökulsá á Brú. Merkið er í sléttri klöpp á háhrygg 30 m vestan gamla þjóðvegjarins og 270 m sunnan við skólahúsið á Brúarási. Ekið þjóðveg 917 til norðurs, ekið að Brúarási og þaðan suður gamla þjóðveginn. Girðing er milli vegar og merkis.

GAGN

Gagnheiðarhnjúkur

OS 5434

1970

Hnit: N65°13'23", V14°15'35"

Á Gagnheiðarhnjúki 8 km suðaustur af Egilsstöðum, þar sem nú er sjónvarpsmastur. Þann 17/7 1970 var rífið innan úr vörðunni. Gamall bolti var í lausum steini talsvert ofarlega í vörðunni og mjög langt frá miðju. Hann hreyfðist til. Settur var bolti í jarðfastan stein undir miðri vörðu. Stöðin er um 18 m vestan við sjónvarpsmastur. Varða var 3,35 m að hæð, en er 1,85 m há eftir að hún var endurhlaðin um 3 m signal. Akið frá Egilsstöðum eftir þjóðvegi 93 upp á Heiðarbrún og beygið inn á fyrsta veg til suðurs. Hann er merktur sem einkavegur og því er rétt að hringja í Landsímamann og fá leyfi til að aka eftir honum um 6 km upp að mastrinu og alveg að vörðunni. Mælistaðurinn hafði áður númer 0178. Signalstokkur stytur í 2 m og strikað á hann í hæðinni 1,75 m fyrir GPS-mælingu 1997.

GEIK

Geirastaðaklettur I – stöpull

LM 0336

1992

Hnit: N65°35'30", V14°22'48"

Á Geirastaðaklettum 9,5 km norðan Lagarfoss. Landmælingastöpull á sléttum klöppum uppi á klettunum og 10 m frá norðvesturhorni þeirra 250 m norður af bænum Geirastaðir og er aflíðandi brekka milli bæjarins og punktsins. Tunguhreppur lét reisa stöpullinn. Akið 25 km eftir þjóðvegi 1 norðvestur frá Egilsstöðum að vegvísi, sem merktur er 925 HRÓARSTUNGA og er 300 m sunnan við brú á Jökulsá. Akið 9 km eftir vegi 925 að vegamótum og haldið beint áfram 11 km eftir vegi 926 HÚSEY að vegi GEIRASTAÐIR til hægri og akið 0,6 km eftir honum að Geirastöðum, síðan 250 m eftir óljósri slóð að punktinum. Bolti LM0515 er rúman metra vestan stöpulls.

On Geirastaðaklettur 9,5 km north of Lagarfoss. Pillar on flat rock up on the cliffs and 10 m from their northwestern corner 250 m north of the farm Geirastaðir and there is a slope between the farm and the point. Drive 25 km on highway 1 northwest from Egilsstaðir to a signpost marked 925 HRÓARSTUNGA and is 300 m south of bridge over Jökulsá. Drive 9 km on road 925 to junction and head on 11 km on road 926 HÚSEY to road GEIRASTAÐIR on the right and drive 0,6 km on it to Geirastaðir, then 250 m on a indistinct trail to the point. Bolt LM0515 is just over a meter west of the pillar.

GEKL

Geirastaðaklettur II

LM 0515

Hnit: N65°35'30", V14°22'49"

Á Geirastaðaklettum 9,5 km norðan Lagarfoss. Punkturinn er á sléttum klöppum uppi á klettunum og 10 m frá norðvesturhorni þeirra 250 m norður af bænum Geirastaðir og er aflíðandi brekka milli bæjarins og punktsins. Akið 25 km eftir þjóðvegi 1 norðvestur frá Egilsstöðum að vegvísi, sem merktur er 925 HRÓARSTUNGA og er 300 m sunnan við brú á Jökulsá. Akið 9 km eftir vegi 925 að vegamótum og haldið beint áfram 11 km eftir vegi 926 HÚSEY að vegi GEIRASTAÐIR til hægri og akið 0,6 km eftir honum að Geirastöðum, síðan 250 m eftir óljósri slóð að punktinum. Stöpull LM0336 er rúman metra austan punktans.

On Geirastaðaklettur 9,5 km north of Lagarfoss. The point is on flat rock up on the cliffs and 10 m from their northwestern corner 250 m north of the farm Geirastaðir and there is a slope between the farm and the point. Drive 25 km on highway 1 northwest from Egilsstaðir to a signpost marked 925 HRÓARSTUNGA and is 300 m south of bridge over Jökulsá. Drive 9 km on road 925 to junction and head on 11 km on road 962 HÚSEY to road GEIRASTAÐIR on the right and drive 0,6 km on it to Geirastaðir, then 250 m on a indistinct trail to the point. Pillar LM0336 is just over a meter east of the point.

HAAS

Háiás

OS 7461

1987

Hnit: N64°37'50", V14°49'41"

Háiás er í norðanverðum Geithellnadal, um 14 km frá sjó. Merkið er í klöpp 3x6 m að stærð ofarlega á Háaási, 15 m frá austurbrún hans. Móts við merkið er dálítill stallur 5 m neðar og skagar stór klettur út úr brúninni þar. Til suðurs lækkar ásin og myndar stall 120 m sunnan við punktinn. Suðurhlíð stallsins er hulin nokkurra metra breiðu kjarrbelti. 30 cm stikujárn er við punktinn. Akið eftir þjóðvegi 1 að ómerktum vegi í norðanverðum Geithellnadal 26 km frá þjóðvegi 98 að Djúpavogi. Akið 600 m að Geithellum og áfram eftir veginum upp á suðurenda Hááss. Þar eru 17,0 km frá þjóðvegi 1. Beygt er út af veginum til norðurs og ekið nálægt austurbrún ássins eftir melum 0,5 km að kjarrbelti. Á góðum fjallabíl er hægt að aka yfir beltið. Ár í Geithellnadal kunna að vera vatnsmiklar að sögn bænda þar. Jeppa er þörf.

Háiás is in northern Geithellnadalur, about 14km from sea. The point is in bedrock 3x6 m high on Háíás, 15 m from its east edge. Against the point is a ledge 5 m below and there is a big rock protruding out of the edge there. Towards south the ridge decreases and forms a ledge 120-m south of point. The south hillside of ledge is covered with a few meter wide shrubs. A 30-cm iron marker is by the point. Drive on highway 1 to unmarked road in northern Geithellnadalur 26 km from highway 98 to Djúpivogur. Drive 600 m to Geithellur and onward on road up to south end of Háíás. There are 17,0 km from highway 1. Turn north off road and drive near east edge of Háíás along grass plane 0,5 km to shrub. On a good mountain car it is possible to drive over shrub. Rivers in Geithellnadalur may have much water in them according to farmers there. A jeep is necessary.

HOFT †

Hofteigur II

OS 5462

1986

Hnit: N65°21'22", V14°52'09"

Akið um 24 km eftir þjóðvegi 1 frá Egilsstöðum til norðurs, beygið vestur og akið áfram þjóðveg 1 í um 20 km þangað til komið er að vegpósti merktum Hofteig. Beygið og akið til suðurs meðfram girðingu, eftir slóð um 50 m vestan bæjarins, að hliði á girðingunni. Sunnan hliðsins beygir slóðin til austurs. Akið um 80 m og yfir litla trébrú, að lágrí ávalri hæð sunnan slóðans. Merkið er í klöpp efst á hæðinni. Stöpull var reystur á punktinum fyrir EUREF mælingar árið 1990 og við það færðist punkturinn upp um 1.194 m. Lýsing frá árinu 1986. Uppfært árið 1991.

Drive about 24 km along route #1 from the town of Egilsstaðir to the north, turn to the west and drive along route #1 for about 20 km more to a road sign marked Hofteigur. Turn at the road sign and drive to the south along a fence, along a track 50 meters west of the farm to a gate on the fence. South of the gate the track turns to the east. Drive about 80 meters and cross a small wooden bridge, to the small flat hill south of the track. The marker is in a

bedrock at the top of the hill. A vertically pillar was built on this point before the EUREF campaign in 1990, moving the point vertically up by 1.194 m. Description: 1986. Updated: 1991.

HORN

Hornbrynja

OS 5425

1970

Hnit: N64°51'44", V14°56'42"

Á Hornbrynju 20 km sunnan við Skriðuklaustur og 8 km VNV við Ódáðavötn. Boltinn er í jarðföstum steini um 10 m vestan við gamlan mælistað. Steinninn er 0,4x0,4 m að stærð og 0,2 m að hæð. Staðurinn er á melhæð suðvestan við grýtta kistu, sem er álíka há og mælistöðin. Hlaðið hefur verið undir dúk umhverfis steinninn, sem boltinn er í. Þyrlla hefur jafnan verið notuð til að komast í þessa mælistöð. Tvö signöl lágu við mælistöð 1998.

HOTE

Hofteigur I – stöpull

LM 0340

1990

Hnit: N65°21'23", V14°52'08"

Stöpull 140 m sunnan kirkju að Hofteigi. Stöpullinn er á sléttum klöppum 8 m sunnan við gamlan veg sunnan bæjar að Hofteigi. Landmælingar Íslands létu reisa stöpulinn um miðlan júlí 1990 vegna EUREF-mælinga það ár. Akið hringveg að Möðrudal á Fjöllum og áfram 56 km eftir hringvegi í átt að Egilsstöðum. Þar er vegur til suðurs merktur HOFTEIGUR, en þaðan eru 19 km að brú á Jökulsá og um 44 km Egilsstaða. Akið 1 km suður heimreið að Hofteigi, en farið gamlan veg 50 m vestan bæjarins og suður fyrir hann. Bolti OS5462 er inni í stöplinum beint undir skrufunni og 1,194 m undir plötunni.

Pillar 140 m south of church at Hofteigur. The pillar is on flat rock 8 m south of old road south of farm at Hofteigur. Landmælingar Íslands had the pillar built in July 1990 on account of EUREF-measurements that year. Drive highway 1 to Möðrudalur á Fjöllum and onwards 56 km on highway 1 towards Egilsstaðir. There is a road heading south marked HOFTEIGUR, but from there are 19 km to bridge over Jökulsá and about 44 km to Egilsstaðir. Drive 1 km south driveway to Hofteigur, but pass old road 50 m west of farm and goes south. Bolt OS5462 is within the pillar right under the screw and 1,194 m under the plate.

HRAU

Hraunkot NA – stöpull

LM 0347

1992

Hnit: N64°23'19", V14°47'47"

300 m norðaustan við bæinn Hraunkot, 2 km austan Jökulsár í Lóni. Landmælingastöpull í hvalbakslaga grágrýtisklöpp, sem er 14 m að lengd og rúmur metri að hæð, 3 m frá vesturenda klapparinnar. Punkturinn er 25 m suðaustan vegar og 17 m norðaustan við afgirtan garð. Bæjarhreppur lét reisa stöpulinn. Akið 28 km eftir þjóðvegi 1 frá vegi 99 Höfn að Stafafelli í Lóni. Gegnt merktri heimreið að Stafafelli er ómerktur malarvegur. Akið 5,2 km eftir honum að vegvísi að Hraunkoti og fram hjá honum 0,6 km eftir moldarvegi til norðausturs, og er þá punkturinn á hægri hönd. Bolti LM0519 hvarf undir stöpulinn.

300-m northeast of farm Hraunkot, 2 km east of Jökulsá in Lón. Pillar on bare rock, 14 m long and over a meter high, 3 m from the west end of the rock. The point is 25-m southeast of road and 17-m northeast of an enclosed garden. Drive 28 km on highway 1 from road 99 Höfn to Stafafell in Lón. Opposite to a marked driveway is an unmarked road to Stafafell. Drive 5,2 km on it to signpost at Hraunkot and past it to northeast and the point is on the right. Bolt LM0519 is under the pillar.

HVAL

Hvalnes

RH 9101

1991

Hnit: N64°24'13", V14°32'31"

Punkturinn er 150 m norðvestan vitans á Hvalnesi, í áttina að bæjarhúsunum. Koparbolti og plata á klöpp, áletrun RH 91 01. Lýsing frá árinu 1991.

The point is 150 m NW of the lighthouse at Hvalnes, in the direction of the farm houses. Brass bolt and a plate in bedrock, inscription RH 91 01. Description: 1991.

JKH

Jökulhæðir

OS 5460

1971

Hnit: N64°42'32", V14°59'24"

Á Jökulhæðum vestan Þrándarjökuls milli Geithellnadal og Hamarsdals. Staðurinn er á melbungu, sem er aðskilin frá jöklinum. Efst á bungunni er klapparhryggur, 14 m langur og 2 m breiður, með norð-suðlæga stefnu og er boltinn nálægt miðjum hrygg. Pyrla hefur jafnan verið notuð til að komast í þessa mælistöð. Tvö signöl lágu vestan hryggjarins 1998.

KANE

Kambanes – stöpull

LM 0345

1992

Hnit: N64°48'24", V13°50'45"

Á norðanverðu Kambanesi sunnan Stöðvarfjarðar og norðan Breiðdalsvíkur. Á norðanverðu Kambanesi norðan Kambahnútu og norðan vegarins að Heyklifi eru sléttar grasi grónar grundir, með lágum grágrýtisklöppum norður frá veginum á einum stað. Stöpullinn er á hvalbakslaga klöpp um 5x15 m að stærð og rúman metra að hæð. Klöppin er 50 m fyrir norðan veginn. Búðahreppur og Stöðvarhreppur létu reisa stöpulinn. Akið eftir vegi 96 frá Stöðvarfirði að norðan eða frá Þjóðvegi 1 á Breiðdalsvík 14,5 km að vegvísi, sem merktur er HEYKLIF, en það er nafn bæjarins á Kambanesi. Akið 0,9 km eftir þeim vegi norðvestur fyrir Kambahnútu og eru þá klappirnar, þar sem punkturinn er, norðan vegarins. Bolti LM0516 er 0,1 m vestan stöpul.

On northern Kambanes south of Stöðvarfjörður and north of Breiðdalsvík. On northern Kambanes north of Kambahnúta and north of road to Heyklif are flat meadows, with low rock in one place north of the road. The pillar is on a bare rock 5x15 m and over a meter high. The rock is 50 m north of the road. Drive on road 96 from Stöðvarfjörður in north or from highway 1 in Breiðdalsvík 14,5 km to sign that reads HEYKLIF, but that is the name of the farm on Kambanes. Drive 0,9 km along that road northwest past Kambahnúta and then the rocks, which the point is on, are north of the road. Bolt LM0516 is 0,1 m west of the pillar.

KETL

Ketilsstaðir

Hnit: N65°11'31", V14°29'43"

Frá vegamótum þjóðvegur 1 og vegar nr. 92, við Egilstaði (þar er verkstæði og veitingastaður) er haldið áfram suður eftir þjóðvegi 1 í 8.6 km. Punkturinn er austan megin við veginn í um 2 m hárrí klöpp sem snýr til norðurs. Punkturinn er 90 m frá veginum, hinum megin við girðingu, og er merktur með vörðu. Engin áletrun er á punktinum.

From the junction of highway 1 and 92, at Egilstadir (there is a garage and a restaurant there) proceed south along highway 1 for 8.6 km. The point is on the east side of the road in an elongate outcrop about 2 m high and pointing to the north. The point is 90 m from the road, on the other side of a fence, and is marked by a cairn. There are no markings and no dot on the point.

KOLB

Kolbeinstangi

OS 7369

1986

Hnit: N65°46'29", V14°47'48"

Beygið af þjóðvegi 1 á veg nr. 85 að Vopnafirði. Akið að Vopnafjarðarkaupstað og haldið áfram 2 km frá kirkjunni eftir vegi sem liggur að vitanum í Leiðrhöfn. Takið veg til vinstri, akið 500 m í suðaustur frá vitanum og áfram 1 km eftir þeim vegi. Beygið til hægri á veg sem liggur upp á topp Miðfells. Lítil varða er 1 m sunnan merkisins sem er með áletrunina: OS-1986-7369. Lýsing frá árinu 1986. Uppfært árið 2002.

Leave route #1 onto route #85 to the town of Vopnafjörður. Drive to the town Vopnafjörður and continue 2 km from the church on the road to the lighthouse at Leiðarhöfn. Take the road to the left, drive about 500 meters southwest of the lighthouse and then drive 1 km on that road. Turn right onto a road that leads to the top of the hill Miðfell. A small cairn is 1 meter south of a marker with inscription: OS-1986-7369. Description: 1986. Update: 2002.

L001

Dratthalastaðir

OS 5701

1955

Hnit: N65°32'15", V14°20'21"

Sunnan Dratthalastaða og um 4 km norðan við Lagarfossvirkjun. Bolti á ávölum klettahól 40 m austan við einfasa rafmagnslínu og 370 m austan vegar þar sem 0,8 km eru norður að heimreiðinni að Dratthalastöðum. Akið þjóðveg 94 norður frá Egilsstöðum að mótum þess vegar og vegar 944 Hróarstunga. Akið inn á þann veg 3,7 km að heimreið að Dratthalastöðum og þaðan 0,8 km suður í átt að Lagarfossvirkjun. Gangið þaðan 370 m austur í punktinn, sem sést af veginum.

L004

Völsungi

OS 5704

1955

Hnit: N65°29'58", V14°22'47"

Á Völsunga um 1 km vestan Lagarfossvirkjunar. Bolti í sléttri klöpp 5x8 m að stærð á austurbrún Völsunga, klettahæð sem liggur norður-suður samsíða og austan við veg 925 (vegur með Lagarfljóti vestan fljótsins) og með norðurendann rétt sunnan afleggjara af þeim

vegi að Lagarfossvirkjun. Stöðin er um 500 m sunnan afleggjarans. Akið þjóðveg 94 norður frá Egilsstöðum að mótum þess vegar og vegar 944 Hróarstunga. Akið eftir þeim vegi að Lagarfossvirkjun og áfram vestur yfir að þjóðvegi 925. Beygið til suðurs og akið 0,5 km eftir vegi 925 og gangið þaðan til austurs upp á hæðina og að punktinum á austurbrúninni.

L013

Eiðar vestan

OS 5713

1955

Hnit: N65°22'19", V14°22'06"

750 m vestsuðvestan við Eiða. Bolti brotinn við jörð í sléttri klöpp 10 m frá norðurenda 400 m langs kletthryggjar sem liggur norður-suður vestan Húsatjarnar vestan Eiða. Boltinn er í miðju hvítmálaðs hrings 1,5 m í þvermál, sem enn má greina. Akið þjóðveg 94 norður frá Egilsstöðum, 11 km fram hjá mótum hans og vegar til Seyðisfjarðar, að heimreið að Fljótsbakka. Akið 1,1 km vestur eftir þeim vegi og nemið staðar móts við hlið norðan vegar. Gangið norður með girðingu austan megin frá hliði að girðingarhorni, eftir hrygg austar, upp á kletthól og eftir hrygg norður í punktinn.

L021

Steinholt

OS 5721

1955

Hnit: N65°16'08", V14°21'03"

Norðan bæjarins Steinholt skammt austan við Egilsstaði. Bolti í ávalri klöpp 3x9 m að stærð efst á klettholti 300 m NNA við bæinn Steinholt. Staðurinn er 80 m SA við horn á háspennulínu, 100 m sunnan vegar til Seyðisfjarðar og 150 m austan heimreiðar að Steinholti. Vegur liggur samsíða heimreiðinni 100 vestan við punktinn. Boltinn er brotinn við jörð en með markaðri miðju. Festingar fyrir dúk eru í klöppinni. Akið frá Egilsstöðum áleiðis til Seyðisfjarðar. 0,9 km frá mótum þjóðvega 93 og 94 er heimreið að Steinholti. Akið 0,2 km fram hjá henni og beygið suður inn á veg í átt að Steinholti og nemið staðar við horn á háspennulínu. Gangið þaðan í punktinn. Athuga að nýir vegir og háspennulínur eru ekki komin á kort.

L025

Höfði

OS 5725

1955

Hnit: N65°14'06", V14°27'01"

Á Höfða austan hringvegar 4 km sunnan við Egilsstaði. Bolti í klöpp á ávölum hól 2 m sunnan við hundapúfu. Staðurinn er efsti punktur Höfða og á norðurbrún hans. Akið 4,1 km suður eftir hringvegi frá vegamótum við Kaupfélag á Egilsstöðum og beygið inn á heimreið að bænum Höfða. Akið 0,4 km að nýja bænum (og fáði leyfi til að ganga á höfðann ef einhver er heima). Afliðandi gangur er upp höfðann frá gamla bænum.

L027

Eyjólfsstaðir NA

OS 5727

1955

Hnit: N65°11'31", V14°29'43"

Við hringveginn 9 km sunnan Egilsstaða. Bolti í klöpp efst á klettastalli, sem er 3 m hár séð frá norðri. Staðurinn er 80 m austan hringvegarins og handan hans um 100 m sunnar er

afleggjari til vesturs og skilti með áletrun 'Gróðrarstöð'. Akið suður hringveginn 9,2 km frá vegamótum við Kaupfélag á Egilsstöðum. Fara þarf yfir girðingu til að komast í punktinn.

L031

Mjóanes

OS 5731

1955

Hnit: N65°08'54", V14°38'17"

Austan Lagarfljóts 16 km sunnan Egilsstaða sunnan við bæinn Mjóanes. Staðurinn er 300 m suðsuðvestan við íbúðarhús í Mjóanesi. Bolti stendur 3 cm upp úr miðjum klettahól 12 m í þvermál og 1,5 m að hæð í túni 30 m suðaustan við gamlan veg. Girðing er milli punktsins og vegarins. Akið hringveginn 11 km suður frá Egilsstöðum og inn á þjóðveg 931 Hallormsstaður. Akið 7,0 km eftir honum að heimreið að Mjóanesi. Akið áfram 400 m eftir þjóðveginum og beygið þar til vinstri inn á veg og akið 150 m og beygið aftur til vinstri inn á gamlan veg og akið 300 m móts við punktinn.

L034

Hrafngerðisbjarg

OS 2053

1955

Hnit: N 65°09'05", V 14°43'37"

Á Hrafngerðisbjargi vestan Lagarfljóts. Merkið er í mikilli klöpp fremst á bjarginu, um 7 m frá austurbrún og 15-20 m frá suðurbrún. Járnpinnar eru í klöppinni fyrir stög sem verða að vera minnst 7 m löng. Bjargið er hæst 5 m NA stöðvar. Löguleg varða er 30-35 m norðan stöðvar. Akið frá Fellabæ inn með Lagarfljóti vestan megin að Hrafnsgerðisá. Gangið 150 m upp með ánni; þar er gengið upp að bjarginu. Best er að fara upp á bjargið að vestan, 20 m sunnan girðingar. Signal stóð í mælistöð 1997.

L042

Bessastaðarétt

OS 5742

1955

Hnit: N65°02'53", V14°55'59"

Vestan megin í Fljótsdal 1200 m norðaustan við Skriðuklaustur. Boltinn stendur 4 cm upp úr steini um 0,4 m í þvermál á sléttum bala 13 m suðvestan við hlaðinn réttarvegg og 100 m suðaustan við veg 931. Akið um 11 km suður frá Egilsstöðum eftir hringveginum og beygið inn á veg 931 og akið inn í Fljótsdal að brú yfir Kelduárkvísl. Akið yfir hana og brú yfir Jökuls og að mótum vega 931 og 933 og þaðan 3,1 km að Bessastaðarétt fram hjá Skriðuklaustri. Gangið eða akið 100 m að mælistöð.

L045

Víðivellir ytri

OS 5745

1955

Hnit: N65°00'42", V14°56'51"

Austan megin í Fljótsdal gengt Valþjófsstað. Staðurinn er mitt á milli bæjanna Víðivellir ytri I og Víðivellir ytri II 0,9 km sunnan brúar á Kelduárkvísl. Bolti stendur 3 cm upp úr steini um 2 m í þvermál á stallbrún í túni 100 m austan vegar og 10 m yfir honum. Trjárækt er hafin umhverfis mælistöð. Akið um 11 km suður frá Egilsstöðum eftir hringveginum og beygið inn á veg 931 og akið inn í Fljótsdal að brú yfir Kelduárkvísl 39 km frá Egilsstöðum. Akið 0,9 km suður veg 935 og er þá mælistöðin á vinstri hönd og hlið í nálægð. Biðjið leyfis á öðrum bænum ef tími er til.

SORL

Sörlastaðaá – stöpull

LM 0338

1992

Hnit: N65°17'02", V13°53'14"

Vestan brúar á Sörlastaðaá á suðurströnd Seyðisfjarðar. Steyptur stöpull á ávölum kletthöfða um 15x30 m að stærð, 3 m yfir veginum og 15 m norðan hans. Staðurinn er 0,4 km vestan við brú á Sörlastaðaá, þar sem vegurinn liggur milli tveggja ávalra kletthöfða. Seyðisfjarðarbær lét reisa stöpulinn. Akið af Þjóðvegi 1 á Egilsstöðum nokkur hundruð metra til austurs og síðan 1,5 km til norðurs inn á Þjóðveg 93 til Seyðisfjarðar. Eknir eru 25 km yfir Fjarðarheiði að vegamótum inni í kaupstaðnum og er syðri vegurinn, merktur HÁFNEFSSTAÐIR, valinn. Akið 6,5 km eftir þeim vegi að punktinum.

West of bridge over Sörlastaðaá on the south coast of Seyðisfjörður. Pillar on rock hill about 15x30 m in size, 3 m above the road and 15 m north of it. The place is 0,4 km west of bridge over Sörlastaðaá, where the road lies between two rock hills. Drive off highway 1 on Egilsstaðir a few hundred meters east and then 1,5 km north to highway 93 to Seyðisfjörður. 25 km are driven over Fjarðarheiði to road junction in the town and go on the southern road, marked HÁFNEFSSTAÐIR. Drive 6,5 km on that road to the point.

TEIA

Teigará – stöpull

LM 0344

1992

Hnit: N65°01'08", V13°48'05"

Við Teigará 1 km austur af Stóru-Breiðavík við slóð yfir Víkurheiði. Stöpullinn er nyrst á klapparholti 8x15 m að stærð á melrana 100 m vestan árinna og 50 m vestan slóðar yfir Víkurheiði 0,9 m frá vegi 954 þar sem er skilti með áletrun VAÐLAVÍK 12 km. Eskifjarðarbær lét reisa stöpulinn. Akið hringveg til Egilsstaða og þaðan um Fagradal eftir vegi 92 til Eskifjarðar um Reyðarfjörð. Akið með sjó gegnum bæinn inn á veg 954 HELGUSTAÐIR og gegnum hlið merkt HELGUSTAÐAHREPPUR og frá því 11 km að slóð til vinstri, þar sem er skilti með áletrun VAÐLAVÍK. Akið 0,9 km eftir þeirri slóð móts við punktinn. Bíl með drifi á öllum hjólum þarf til að komast móts við punktinn.

By Teigará 1 km east of Stóra-Breiðdalsvík by trail on Víkurheiði. The pillar is at the north end of Klapparholt 8x15 m in size on a ridge 100 m west of the river and 50 m west of trail on Víkurheiði 0,9 km from road 954 where a sign reads VAÐLAVÍK 12 km. Drive highway 1 to Egilsstaðir and from there through Fagradal on road 92 to Eskifjörður through Reyðarfjörður. Drive by the sea through the town to road 954 HELGUSTAÐIR through gate marked HELGUSTAÐAHREPPUR and from that 11 km to a trail on the left, where a sign reads VAÐLAVÍK. Drive 0,9 km on that trail towards the point. A 4x4 car is needed to get to the point.

VIKU

Víkurheiði

LÍ 0711

1987

Hnit: N65°01'23", V13°45'29"

Akið 48 km eftir vegi nr. 92 frá Egilsstöðum að Eskifriði. Akið frá bænum í austur eftir vegi nr. 954 í um 11 km og beygið til norðurs á slóða sem liggur upp bratta fjallshlíðina. Akið upp á topp fjallsins að stórri vörðu austan megin við slóðann. Merkið er um 20 m austan vörðunnar. Fjór hjóladrifið ökutæki þarf til að komast að punktinum. Lýsing frá árinu 1987.

Drive 48 km along route #92 from the town of Egilsstaðir to the town of Eskifjörður. Drive from the town to the east on route #954 for about 11 km and turn north onto a track up the steep mountainside. Drive to the top of the mountain, to a big cairn at the east side of the track. The marker is about 20 meters east of the cairn. A 4wd vehicle is needed to access this point. Description: 1987.

VOPN

Vopnafjörður – stöpull

LM 0335

1993

Hnit: N65°45'27", V14°49'47"

550 m norðan við kirkju á Vopnafirði. Stöpullinn er 30 m suðaustan slóðar á klöpp upp úr grónu landi 100 m norðnorðvestan við Andrésarklett, en hann er við vegamót Lónabrautar og Hamrahlíðar. Staðurinn er 250 m vestsuðvestan við skóla. Vopnafjarðarbær lét reisa stöpulinn. Akið hringveg að vegi 85 og eftir honum til Vopnafjarðar og áfram norður og vestur áleiðis gegnum þorpið í átt til Bakkafjarðar. Við hús Vegagerðar ríkisins á hæðinni vestan þorpsins liggur vegur 915 til vinstri en beygja á til hægri inn á veg gengt honum og aka 400 m eftir vegi og síðan 100 m eftir slóð móts við punktinn.

550m north of church on Vopnafjörður. The pillar is 30-m southeast of trail from grown land up to bare rock 100 m NNW of Andrésarklettur, but he is by road junction of Lónabraut and Hamrahlíð. The place is 250 m WSW of school. Vopnafjarðarbær had the pillar constructed. Drive highway 1 to road 85 and on that to Vopnafjörður and ahead north and west through the village towards Bakkafjörður. By the Vegagerð ríkisins house by the road lies road 915 to the left. Turn right on the road opposite road 915 and drive 400 m on road and then 100m on trail to the point.

Blöndugerði austan

OS 5464

1971

Hnit: N65°26'45", V14°31'58"

3 km NA af brú á hringvegi á Jökulsá á Dal. Staðurinn er efst á Sprekahlíð 1 km vestur af Fremstaseli og 2 km austur af Blöndugerði. Bolti nyrst á sléttum klöppum 10x30 m að stærð. Landið er slétt sunnan við punktinn en stallur niður til norðurs norðan hans. Milli Sprekahlíðar og Fremstasels er mýri. Akið eftir hringvegi að slóð til norðurs (65°23'51"N 14°32'13"V) 6 km austan brúar á Jökulsá á Dal, 15 km frá Fellabæ. Akið 5 km eftir slóðinni og veljið þar slóð til vinstri og akið 2 km að Fremstaseli og fram hjá því að vesturjaðri túns. Um kílómeters gangur er þaðan í punktinn. Bóndi í Blöndugerði gaf lítið út á akstur frá Blöndugerði í símtali.

Bóndavarða SSV

OS 7464

1987

Hnit: N64°39'18", V14°16'31"

Við svonefnda Bóndavörðu og sjónvarpsmastur á Djúpavogi. Merkið er í grágrýtisklöpp 5 m SSV við Bóndavörðu, sem er steipt siglingarvarða og landmælingavarða uppi á hæð þar sem nú er einnig stórt sjónvarpsmastur. Akið á Djúpavog og eftir vegi sem liggur að sjónvarpsmastrinu. Hægt er að aka í innan við 20 m frá punktinum.

Bragðavellir SA

OS 7460

1987

Hnit: N64°38'07", V14°29'13"

Mælistaðurinn er við horn á háspennulínu 1,5 km SA við Bragðavelli í Hamarsdal. Merkið er í ávölum klettahól 70 m vestan við horn á háspennulínu og í framhaldi af þeim hluta línunnar sem kemur úr austri. Línan er hæst á þessum stað. Akið eftir hringvegi að heimreið að Bragðavöllum um 0,7 km sunnan Hamarsár í Hamarsdal. Akið 0,3 km austur eftir hringvegi og beygið út af honum til suðurs þar (um 0,2 km austan við háspennulínu). Fylgið slóð austan við eða undir línu. (0,3 km frá hringveginum má aka austur yfir læk og upp með honum stuttan spöl fram hjá mýri að slóðinni.)

Efristafur

OS F007

Hnit: N65°14'14", V14°07'14"

Á Efristaf 6 km suðvestur af Seyðisfjarðarbæ. Ómerktur bolti í miðjum, lágum klettahól á austurbrún stafsins fyrir honum miðjum. Hóllinn er um 6 m í þvermál og 0,5 m að hæð. Um 600 m eru frá brú á Fjarðará við suður-enda stafsins. Akið á Egilsstaði og þaðan nokkur hundruð metra austur eftir þjóðvegi 92 og beygið til norðurs inn á þjóðveg 94 og akið 1,5 km að þjóðvegi "93 Seyðisfjörður". Akið upp á Fjarðarheiði að brú á Fjarðará og yfir hana og út af veginum rétt austan hennar. Þaðan verður að ganga um 600 m í punktinn.

Egilsstaðaflugvöllur

FS EG01

1995

Hnit: N65°16'42", V14°24'20"

Á Egilsstaðaflugvelli. Flugbraut á Egilsstöðum liggur N/S og er um 2 km norðan kaupsins, norðan þjóðveggar 1 á austurbakka Lagarfljóts. Staðurinn er 50 m austan brautar 20 m norðan austasta aðflugshallaljóss fyrir aðflug úr suðri. Merkið er stálbolti og skjöldur með áletrun FMS-BIEG-01-95, í sívölum sökkli, sem er í jarðhæð og 30 cm í þvermál. Akið að flugstöð við suðurenda brautar og fáið heimild flugumferðarstjóra til að aka út á flugbraut. Akið vestur aðkeyrslu flugvéla og 200 m til norðurs að aðflugshallaljósum.

Ekkjufell

OS 2051

Hnit: N65°16'35", V14°27'28"

drive 19 km to the point. The marker is on flat bedrock, 30 meters southeast of the track. A 4wd vehicle is needed to access this point. Bolt and a plate without an inscription. A shepherd's hut is about a km SW of the point.

LAUF

Laufafell

NE8650

2001

Hnit: N63°54'15", V19°22'06"

Merkið er í Laufahrauni sunnan undir Laufafelli við Syðri Fjallabaksleið. Það er austarlega í hrauninu rétt vestan mjóddar sem myndast milli Hagafellshnausa að sunnan og Laufafells að norðan. Merkið er koparbolti, boraður í hraunhrauk sem stendur upp úr jarðvegsfylltu apalhrauninu. Greinileg slóð liggur að merkinu sem er næst síðasti punktur í hallamælingalínu. Varist að rugla því saman við hin merkin.

LAUG

Laugarvatn V

D 11

1986

Hnit: N64°12'37", V20°46'56"

Punkturinn er vestan þéttbýlisins við Laugarvatn, nálægt gatnamótum til Þingvalla. Beygið af vegi nr. 1 um 2 km vestan Selfoss og akið 25 km eftir vegi nr. 35 þar til kemur að vegamótum. Beygið til norðurs á veg nr. 37 í áttina að Laugarvatni. Síðan er beygt til vesturs á veg nr. 365 til Þingvalla. Akið 2.1 km til vesturs. (Ef komið er frá Þingvöllum eru eknir 14.4 km frá gatnamótunum við Gjábakka, eftir vegi nr. 365 til Laugarvatns). Punkturinn er 40 m sunnan vegarins, 3 m sunnan girðingar og 160 m suðvestan fjárhliðs. Merkið er í móbergsklöpp inni í vörðu og er koparbolti með áletruninni Dartmouth 11. Um 40 m sunnan merkisins er steypur stöpull frá Landmælingum Íslands með stöðvarnúmer LM0306. Lýsing fá árinu 1986. Uppfært árið 1992.

The point is west of the village of Laugarvatn, near the road that goes to Þingvellir. Leave route #1 about 2 km west of the town of Selfoss and drive 25 km along route #35 to a crossroad, turn north on route#37 towards Laugarvatn, then turn west on route #365 to Þingvellir. Drive for 2.1 km to the west. (Coming from Þingvellir, drive 14.4 km from the crossroads at Gjábakki, on route #365 to Laugarvatn). The point is 40 meters south of the road, 3 meters south of a fence, in a rock outcrop, under a cairn, and 160 meters southwest of a cattle-gate. Brass marker with the inscription Dartmouth 11. Description: 1986 Updated: 1992.

LAUN

Laufdalsvatn

D 3356

1994

Hnit: N64°05'37", V19°12'35"

Ef ekinn er vegurinn norður til Hrauneyja skal víkja af honum til suðausturs skammt vestan brúarinnar yfir Helliskvíslarfarveg og halda eftir gamalli slóð sem liggur sunnan Langöldu og svo áftam yfir gamla Sigölduvegin í átt að Tagli. Þaðan skal halda áfram inn á gömlu Dyngjuslóðina milli hrauns og hliðar sem enn er töluvert farin. Þegar eknir hafa verið um 17 km frá Hrauneyjavegi er komið á móts við suðurhorn Lilta – Melfells. Merkið er koparbolti boraður í móbergsklöpp í hallanum um 100 m sunnan slóðarinnar. Áletrun DARTMOUTH 3356. Varða er við merkið. Einnig má nálgast merkið með því að aka slóðina frá Sigöldu til

Landmannalauga. Þegar komið er upp að Eskihlíðarhnausum skal sveigja til vesturs og aka um 3.5 km og er þá komið á móts við merkið.

LAUV

Laugarvatn V – stöpull

LM 0306

1992

Hnit: N64°12'36", V20°46'56"

Við veg yfir Lyngdalsheiði 2,5 km vestur af Laugarvatni. Punkturinn er á rana, sem gengur suður úr Rauðumýrarmúla í Laugarvatnsfjalli, vestan við Litluá. Um 400 m eru frá punktinum að ánni. Hann er 80 m sunnan vegarins og 40 m sunnan girðingar og hallar niður að punktinum frá girðingunni. Punkturinn er rúma 100 m suðvestan við rimlahlið. Laugardalshreppur lét reisa stöpulinn. Akið þjóðveg 36 til Þingvalla og áfram að vegi 365. Akið 14 km eftir þeim vegi í átt að Laugarvatni. Þá eru 2,1 km eftir að þjóðvegi 37. Hægt er að aka 40 m suður að girðingu og ganga þaðan í punktinn. Bolti(DM11) í móbergsklöpp er inni í vörðu rétt sunnan girðingarinnar norðan punktsins.

By road over Lyngdalsheiði 2,5 km west of Laugarvatn. The point is 400 m west of Litlaá, 80 m south of the road and 40 m south of the fence. The point is about 100-m southwest of rimlahlið. Laugardalshreppur had the pillar constructed. Drive road 36 to Þingvellir and onward to road 365. Drive 14 km in the direction of Laugarvatn. Then there are 2,1 km to road 37. It is possible to drive 40 m south to a fence and walk from there to the point. Bolt (DM11) is on a boulder inside a rock pile just south of the fence north of the point.

LEYN

Leynishóll

NE80042

1993

Hnit: N63°56'35", V19°56'36"

Merkið er á Leynishól upp af svokölluðum Leyni að baki bæjarins í Selsundi. Það er koparbolti, boraður í hraunklöpp um 7 m sunnan garðs og girðingar og um 10 m vestan við hæsta klettinn á hraunbrúninni. Smávarða, um 30 sm há, er um 1 m norðaustur af merkinu.

LIHO

Lilthöfði

NE200111

2001

Hnit: N63°59'26", V19°15'48"

Merkið er á súrum bergkollum vestan undir Mógilshöfðanum sem nefndur er Litlhöfði á kortum. Slóðin niður í Reykjadal liggur um 250 m vestan þessa kolls og er auðvelt að aka að merkinu. Það er koparbolti boraður í súra klöpp og er varða við merkið.

LITL

Litla-Hekla

1993

Hnit: N64°00'22", V19°40'56"

Merkið er á Litlu-Heklu um 50 m norðvestan teningslagaðs mannvirkis, sem smíðað er úr 1¼" galvaniseruðum vatnsrörum. Það er ætlað fyrir sendibúnað sjálfvirkra mælitækja. Vorið 1981 var grafið niður 6" steipt rör og koparskrúfa boruð niður í brún þess. Skrúfan var svo notuð sem landmælingapunktur, en er GPS-mælingar hófust 1993 var rörið brotið og því var 1.5 m langur kambstálsbútur rekinn ofan í gjallkennt yfirborðið 45.1 sm norðvestan skrúfunnar í

steypa rörinu (stefna á Klakk sem er pýramídalagaður tindur á suðurbrún Langjökuls). Kambstálið stendur 21.9 sm lægra en koparskrúfan á steypa rörinu. Til að nálgast staðinn skal aka slóðina upp á Næfurholtsfjöllin hjá Gamla Næfurholti allt norður að afréttargirðingu við norðurenda Suðurbjalla. Halda skal í gegnum hlið á girðingunni um 250 m að þrengslum sem myndast milli Hrauntags og norðurhlíða Suðurbjalla. Slóðin liggur í gegnum þrengslin og upp úr þeim skammt norðan hraunbrúnar frá 1980 og svo austur með henni, þangað til komið er að stórssteinóttum flóðfarvegi frá Heklu. Er þangað kemur, er auðveldast að aka sem næst hraunkantinum frá 1980 upp að suðvesturenda Móhnúka (496 m y.s.) og svo áfram norðaustur með hliðum þeirra. Við norðausturendann tekur við sléttur sandur og skal aka til suðurs í átt að rótum Litlu-Heklu. Við hagstæð skilyrði er hægt að aka upp að merkinu eftir ógreinilegri slóð. Hún liggur upp á söðul er myndast milli norðurhlíða Litlu-Heklu og höfða sem gengur út úr hliðinni, og svo þaðan til suðurs upp á hásléttu Litlu-Heklu.

LJF

Ljósufjöll
OS 5004

Hnit: N64°15'04", V18°31'05"

Um 10 km austur af Þórisvatni við slóð í Jökulheima. Bolti stendur 4 cm upp úr móbergsklöpp á hæsta tindri Ljósufjalla 10 m frá brún þar sem hallar niður til suðurs. Akið fjallveg F26 að vegamótum suðvestan við Þórisvatn, þar sem er skilti með áletrun 'Jökulheimar 54'. Akið um 35 km áleiðis í Jökulheima á stað 64°14'47/18°30'26. Þar var ekið þvert á veg 400 m upp í fjallshlið á stað 64°14'58/18°30'43 og gengið um staði 64°15'00/18°30'47 og 64°15'05/18°30'54 í mælistöð.

LJOF

Ljósufjöll E
OS 7484
1994

Hnit: N64°14'54", V18°29'08"

Punkturinn er á flatlendi, 1,7 km austan suðurenda Ljósufjallahryggjarins. Akið til norðurs frá Sigölduvirkjun eftir vegi nr. 32 að veginum til Jökulheima. Akið 36 km til Ljósufjalla. Punkturinn er 230 m austan vegar á flatrí, lágri hæð. Akið af veginum að áberandi móbergshól, 14 m löngum og 2 m háum, 75 m suðaustan vegar. Vegalengdin að punktinum er þá 150 m. Bolti og plata með áletruninni OS 1989 7484. Lýsing frá árinu 1989.

The point is in a flat area 1.7 km east of the south end of the Ljósufjöll ridge. Drive northwards from the power station at Sigalda on route #32 to the road to Jökulheimar. Drive 36 km to Ljósufjöll. The point is 230 m east of the road on a flat, low outcrop. Drive off the road to prominent palagonite outcrop, 14 m long and 2 m high, 75 m SE of the road. The distance to the point is then 150 m. Bolt and a plate with the inscription OS 1989 7484. Description: 1989.

LVF

Laugarvatnsfjall
OS 5164

Hnit: N64°13'30", V20°45'10"

Á fjallsbrún ofan við sumarbústaðabyggð við Laugarvatn og norðvestan vatnsins. Bolti í ávalri klöpp eða steini inni í syðstu vörðu af þremur á mosavaxinni hálfkúlulaga grjóthæð austan á fjallinu. Akið 1 km vestur frá þjóðvegi 37 við Laugarvatn um veg 365 á stað 64°12'40.5/20°46'23.4 og þaðan um slóð að skíðalyftu. Akið upp með henni vestan megin,

upp fyrir hana eða undir (nota tvo planku) á slóð austan efri enda lyftunnar. Akið um 64°12'53.9/20°46'04.1, 12'56.5/45'59.7, 12'57.7/46'04.8, 13'00.4/45'59.5, 13'03.0/46'01.3, 13'06.3/45'56.1, 13'09.9/45'42.8, 13'21.6/45'38.7, 13'26.4/45'33.5 og þar af slóð eftir mel um staði 64°13'25.6/20°45'25.6, 64°13'27.1/20°45'15.5 að grjóthæðinni sunnanverðri.

LYHE

Lyngdalsheiði

LM 3706

1983

Hnit: N64°09'20", V20°53'17"

Hæsti punktur í Þrasaborgum á Lyngdalsheiði. Skjöldur með áletrun Messungspunkt í klöpp, sem er hluti af bogmynduðu klettabelti efst á Lyngdalsheiði og er staðurinn nyrst á klettabeltinu og er þar hæst. Varða er í punktinum. Slóð er nokkur hundruð metrum austan Þrasaborga. Akið Þingvallaveg 36 að mótum vegar 365 og þaðan 6 km í átt að Laugarvatni. Beygið inn á veg vestan Litla-Reyðarbarmur og akið 3,2 km í átt að hesthúsum og finnið slóð að austurhlið ferhyrnds túns. Akið þaðan um 3 km eftir moldarförum til suðausturs. Þar var sett flagg og gengið um 1 km í punktinn, en sennilega má aka alla leið. Moldarslóðin kann að vera ófær í vætu. Jeppa er þörf.

Highest point of Þrasaborgir on Lyngdalsheiði. Shield with the inscription Messungspunkt in bedrock, which is a part of a cliff arc on top of Lyngdalsheiði and the point is on the northern end of cliffs and is highest there. A cairn is at the point. A trail is a few hundred meters east of Þrasaborgir. Drive Þingvallavegur 36 to junction of road 365 and from there go 6 km towards Laugarvatn. Turn into road west of Litli-Reyðarbarmur and find trail to east gate of square hayfield. Drive from there about 3 km along track in the dirt to southeast. There was set flag and walked about 1 km to point, but it is probably possible to drive all the way. The tracks in the dirt may be impassable when wet. A jeep is necessary.

MAEL

Mælifell V

OS 7416

1986

Hnit: N63°48'06", V18°57'56"

Merkið er við Fjallabaksleið syðri rúman 1 km vestur af Mælifelli. Punkturinn er í grágrýstisklöpp, um 4 m í þvermál og 1 m að hæð 30 m norðan slóðar. Klöppin stendur stök nema hvað lágar klappir í jarðhæð eru næst henni slóðar megin. Staðurinn er 1,2 km austan við vað og viðvörunarskilti á vesturbakka Brennivínsvíslar og 0,7 km vestan við vað og skilti austan kvíslarinnar. Stikujárn er við stöðina. Akið 26 km um leið 261 MÚLAKOT frá Hvolsvelli. Við vegvísi að bænum Fljótsdal er ekin slóð til austurs. Frá Fljótsdal er ekið um vað á Gilsá (9km) yfir brýr á Markarfljóti (26 km) og Innri-Emstruá (35 km) að vegamótum sunnan Kaldaklofskvíslar (40 km). Þaðan eru eknir 13,8 km ausatur um MÆLIFELLSSAND að staðnum. Hægt er að aka í punktinn frá Snæbýli. Jeppa er þörf.

By S Fjallabaksleið just over 1 km west of Mælifell. The point is in bedrock, about 4 m in diameter and 1 m high 30 m north of trail. The bedrock stands alone apart from low rock on same side as trail. The place is 1,2 km east of ford and warning sign on west bank of Brennivínsvísl and 0,7 km west of ford and sign east of Brennivínsvísl. An iron marker is by point. Drive 26 km on road 261 MÚLAKOT from Hvolsvöllur. By signpost to farm Fljótsdalur drive trail to east. From Fljótsdalur drive through ford on Gilsá (9 km) across bridges over Markarfljót (26 km) and Innri-Emstruá (35 km) to road junction south of Kaldalofsvísl (40 km). From there are driven 13,8 km east on MÆLIFELLSSANDUR to place. It is possible to drive to point from Snæbýli. A jeep is necessary.

MOHN

Móhnúkar

H7

1993

Hnit: N64°01'30", V19°41'28"

Merkið er suðvestan undir Móhnúkum norður af Litlu-Heklu. Eysteinn Tryggvason hefur jafnan notað nafnið Litla-Hekla á þessa stöð en Freysteinn Sigmundsson kallar GPS merkið Móhnúka. (Í Árbók Ferðafélags Íslands 1995 er því haldið fram að eldra nafn á þessum móbergskollum sé *Feðgar*.) Aka skal slóðina sem liggur upp á Næfurholtsfjöll skammt norðan Gamla-Næfurholts framhjá Hafurshorni og Glerhaus, en um 1500 m norðan hans er varða á brekkubrún. Frá vörðunni liggur slóðin niður í leysingafarveg og eftir honum um 500 m til norðurs, þar sem hún fer upp úr farveginum, og svo áfram til suðausturs upp aflíðandi brekku í stefnu á Suðurbjalla. Um miðja vegu milli farvegarins og Suðurbjalla skal fara ógreinilega slóð til norðausturs allt að afréttargirðingu við norðurenda Suðurbjalla. Halda skal í gegnum hlið á girðingunni og svo þaðan um 250 m að þrengslum sem myndast milli

Hrauntags og norðurhliða Suðurbjalla. Slóðin liggur austur í gegnum þrengslin og upp úr þeim skammt norðan hraunbrúnar frá Heklugosinu 1980 og svo austur með henni þangað til komið er að stórsteinóttum flóðfarvegi frá Heklu. Er þangað kemur, er auðveldast að aka sem næst hraunkantinum frá 1980 að suðvesturhorni Móhnúka (496 y.s.) og svo áfram norðaustur með hliðum þeirra. Við norðausturendann tekur við sléttur sandur og skal aka ógreinilega slóð til suðurs í átt að rótum Litlu-Heklu. Um miðja vegu milli Móhnúka og Litlu-Heklu skal sveigja af slóðinni í átt að suðvesturenda Móhnúka og stansa uppi á brún gamals hrauns. Djúp skvampa hefur myndast milli Móhnúka-hornsins og brúnar gamla hraunsins. Eftir þessari hraunbrún liggur hallamælingalínan til að byrja með, en sveigir svo inn á vikurorpið hraunið þar sem klappirnar standa upp úr því. Steyptir stöplar eru á tveimur klöppum en það eru leifar frá vatnshallamæli sem Eysteinn Tryggvason kom fyrir 1968. Merkin eru koparboltar með númerum H1 til H7 og er síðasti boltinn (H7) einnig GPS-stöð. Litlar vörður eru við hvern bolta, og er fyrsta merkið næst hraunbrúninni þar sem hún kemur undan vikursköflum sunnan við Móhnúka. GPS merkið H7 er á kletti sem rís dálítið yfir svarta vikurbreiðuna. Varist hin merkin í hallamælingarlínunni.

MOLN

Moldnúpur

NE9908

1999

Hnit: N63°34'03", V19°47'33"

Merkið er á Moldnúp austur og upp af samnefndum bæ undir Vestur-Eyjafjöllum. Aka skal af þjóðvegi nr. 1 á móts við Efstugrund inn á Ásólfskálaveg (245) og svo eftir honum um 1,2 km að heimreiðinni til Moldnúps. Er kemur á hlaðið er hlið á girðingu austan útihúss og fara skal í gegn um það upp eftir vegtroðningi ca. 300 m. Er þá komið að lágum grjótgarði sem liggur upp eftir núpnum til suðvesturs. Aka má upp með garðinum upp á hánúpinn alveg að merkinu en það er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður í harða slétta klöpp og er lítil varða hlaðin ofan á bjarg um 1 m sunnan þess.

MORK

Miðmörk - föst stöð

NE9909

1999

Hnit: N63°39'25", V19°53'40"

Merkið er um 600 m suðvestan bæjarins að Miðmörk undir Eyjafjöllum. Það er koparbolti með ferkantaðri skífu undir miðjum málmstöpli þar sem GPS loftneti hefur verið komið fyrir til samfelldra mælinga. Aka skal af Þjóðvegi 1 skammt austan Markarfljótsbrúar inn á gamla Þjóðveginn við Seljaland og svo áfram þar til komið er á móts við Litla-Dímon. Þar skal aka austur eftir afleggjara að Merkurbæjum og svo heimreiðina til Miðmarkar. Er að hlaðinu kemur skal aka eftir malarbornum slóða sem liggur þaðan til suðurs eftir túnjaðrinum og svo yfir vað á Hólalæk. Malarslóðin endar við túnjaðarinn og skal þá fylgja dráttarvélaslóð um 200 m yfir að grunnri gróf. Aka má niður í grófina en handan hennar er klapparbríkin þar sem málmstöplinum hefur verið komið fyrir.

MUFE

Mundafellshryggur

NE200113

2001

Hnit: N63°58'46", V19°32'29"

Merkið er á móbergskolli þeim er hæst ber á hrygg sem liggur frá Mundafelli til austurs. Þar sem hryggur þessi er lægstur liggur vegarslóði yfir hann niður að Hekluhraunum og svo upp í Breiðaskarð. Aka má frá slóðinni upp að kollinum og er merkið borað niður efst í hann. Það er koparbolti og varða er við merkið.

MUND

Mundafell

NE80056

1993

Hnit: N63°59'08", V19°32'51"

Merkið er á Mundafelli, sem er 905 m hátt móbergsfjall um 5000 m austan Heklutinds og um 4000 m suðvestan Krakatinds. Um fjórar leiðir er að velja til að nálgast fjallið, tvær af Fjallabaksvegi nyrðri og tvær af Fjallabaksvegi syðri um Breiðaskarð, en hér verður aðeins getið þeirrar leiðar sem fljótförnust er. Aka skal Fjallabaksveg nyrðri (Landmannaleið) austur og suður fyrir Sauðleysur. Um 700 m vestan vaðsins yfir Rauðufossakvísl, við ármót hennar og Helliskvíslar, skal fara slóð sem liggur til suðvesturs að rótum Rauðufossafjalla. Slóðin liggur svo upp og vestur yfir norðurhluta fjallanna allt að Krakatindi, en þangað eru um 7000 m frá vega-mótunum sunnan Sauðleysa. Þaðan liggur slóðin til suðurs yfir á syðri Fjallabaksveg við Laufafell en þegar komið er að Sléttafelli, um 1500 m sunnan Krakatinds, skal víkja til suðvesturs af slóðinni og fara ógreinilega slóð undir norðvestur hlíðum Hrauka allt að Mundafellshálsi. Af hálsinum verður að ganga á fjallið og er merkið koparbolti, boraður í móbergshrauk efst á því miðju, og er varða við merkið.

NB

Búðarháls norður

LM 2016

Hnit: N64°18'27", V19°08'52"

Á Búðarhálsi 11 km norður af Hrauneyjalóni. Skjöldur festur með bolta í miðju við stein inni í 1 m hárrí vörðu um 120 cm langan stökk og er merkt við 1 m hæð yfir boltanum. Varðan var rifin og endurhlaðin í júlí 2001. Akið Þjóðveg 26 að Hálendismiðstöð við Hrauneyjar og áfram 1,2 km austur og beygið til vinstri inn á malbikaðan fjallveg F26 og akið 4 km á stað

64°12'53"/19°12'40 og beygið til vinstri og akið 2,3 km að vaði á Köldukvísl og yfir á stað 64°14'03"/19°13'18. Akið um 7 km á stað 64°17'40"/19°13'22 og beygið til hægri og akið (fram hjá slóð að Dynk á vinstri hönd) um 4 km í mælistöð. (Slóð liggur 24 km áfram og kemur á fjallveg F26 á stað 64°25'47"/18°50'09). Notið toppplötu í þessari mælistöð.

NBF

Norðan í Búrfelli
OS 5112

Hnit: N64°05'33", V19°47'30"

Við slóð norðan í Búrfelli 2 km frá toppi. Bolti stendur 2 cm upp úr harðri móbergsklöpp 2x10 m að stærð, 3 m frá suðurendanum, og er klöppin 16 m vestan slóðarinnar. Akið veg 32 að lokuvirki norðan Bjarnarlóns ofan Búrfellsstöðvar. Akið 2,2 km austur yfir ána eftir lokuvirkinu, vegi á garði á austurbakka Bjarnarlóns og áfram á stað 64°07'10"/19°44'52. Beygið þar inn á mikið ekna slóð, sem liggur upp á Búrfell, og nemið staðar við mælistöðina.

NBJA

Norðurbjallar N
NE80058

1993

Hnit: N64°02'58", V19°40'10"

Merkið er á bröttum móbergshnúk (520 m y.s.) á norðanverðum Norðurbjöllum um 2000 m suðaustan Sauðafells. Hægt er að aka að staðnum frá Fjallabaksvegi nyrðri og er þá farin slóð, sem liggur til suðurs rétt áður en komið er að afréttargirðingunni vestast í Sölvahrauni. Slóðin liggur suður að hliðum Sauðafells við enda Skjólkvíahrauns og svo austur með því fyrir enda fellsins. Þaðan liggur slóðin niður að austur enda Grænavatns. Er þangað kemur er óvíst hvort slóðin sjáist en halda skal áfram 2 km til suðvesturs frá vatninu og sveigja svo til suðvesturs upp bratta brekku í norðurhlið Norðurbjalla. Þegar komið er upp á brekkubrún blasir hnúkurinn við í suðaustri þar sem merkið er. Þetta er koparbolti, boraður niður í móbergsklöpp efst á hnúknum, og er lítil varða norðan hans.

NH

Núpshöfði
OS 5109

Hnit: N64°05'53", V19°54'38"

Á Núpshöfða 4 km vestan við Búrfellsstöð. Bolti stendur 4 cm upp úr klöpp 50 cm að hæð og 2x4 m að stærð efst á klettaborg 20x80 m að stærð á Núpshöfða. Akið að slóð, sem merkt er 'Hjálparfoss' við brú yfir Fossá vestan Búrfellsstöðvar. Akið að háspennulínunum og eftir vegi mitt á milli tveggja háspennulína. Akið á stað 64°06'10"/19°54'30 og þaðan að tveimur möstrum norðvestan í höfðanum. Akið þaðan upp á hæð um 70 m vestan við mælistöðina (skorningur er á milli). Óþægilegt er að stilla upp í NH.

NLAN

Langisjór N
RH 9102

1991

Hnit: N64°13'27", V18°12'23"

Punkturinn er á norðurströnd Langasjávar, á nesi austan víkur í norðvesturhluta vatnsins. Koparbolti og plata eru á kletti, 2,843 m fyrir ofan vatnsborðið. Varða er um 2 m norðaustan punktsins. Áletrunin er RH 91 02. Erfitt getur reynst að finna slóðann að norðurhluta vatnsins. Fylgið merktri slóð yfir Breiðbak í 21 km. Beygið þá til austurs og fylgið fjallshrygg að

austurhluta dalsins. Akið í norðaustur eftir dalnum. Óljós slóðinn liggur yfir fjöllin vestan vatnsins og niður á láglandi nálægt enda vatnsins. Akstursvegalengdin frá suður enda vatnsins er um 29 km. Lýsing frá árinu 1991.

The point is on the north shore of the lake Langisjór, on a peninsula east of an inlet in the northwest corner of the lake. Brass bolt and a plate in bedrock, 2,843 m above the lake level. A cairn is about 2 m NE of the point. Inscription RH 91 02. The track to the northern end of the lake is not easy to find. From the south end of the lake, follow the marked track across Breiðbakur for 21 km. Then turn east and follow the crest of a ridge across the mountain range to the east of the valley. Then turn in a NE direction along a valley. The indistinct track then leads you over the mountains to the west of the lake and onto the lower areas near the end of the lake. The total driving distance to the point from the south end of the lake is about 29 km. Description: 1991.

NOFA

Nyrðri Ófæra

D 3372

1994

Hnit: N63°55'43", V18°38'05"

Ef farinn er Fjallabaksvegur nyrðri upp frá Búlandi í Skaftártungum skal halda rակleitt norður yfir brúna á Syðri Ófæru en þaðan eru um 8 km norður að merkinu. Ef komið er vestan frá Eldgjá er rúmur 1 km frá vegamótum að Gjátindi til merkisins. Þetta er koparbolti boraður í hraunhól um 50 m suðaustan beygju á veginum þar sem hann sveigir til norðvesturs út úr úfnu hrauni. Merkið hefur áletrunina DARTMOUTH 3372 og er varða við það.

NONH

Nónholt

1995

Hnit: N63°54'10", V20°19'00"

Merkið er á lágu holti við vegamót tveggja vega (nr.271 og 272.) frá Landvegi heim að Árbæ. Keyrt er Landveg (nr. 26) en beygt inn á veg að Árbæ hjá Köldukinn. Áður en komið er að vegamótunum má sjá lágt holt austan vegarins og er punkturinn nálægt toppi þess. Hægt er að keyra stutta slóð að punktinum.

NOXL

Norðuröxl

1993

Hnit: N64°00'34", V19°35'49"

Merkið er á 940 m háum hrygg í beinu framhaldi af norðausturöxl Heklu. Er það var sett niður 1981, fékk það nafnið "Rauðkemingar", en eftir að GPS-mælingar hófust umhverfis Heklu 1993, hefur merkið kallast "Norðuröxl". Aka skal Skjólkvía-slóðina norðan frá Valahnúkum allt inn í Skjólkvíar og þaðan áfram upp rudda slóð, upp á mikla gjallborna sléttu. Þaðan er um 2000 m langur akstur til suðurs upp á hrygginn þar sem merkið er. Þetta er um 1.5 m langur kambstálsbútur, rekinn ofan í gjallhroðann á háhryggnum um 750 m frá hlíðarfæti norausturaxlar Heklu.

NT

Krókslón norðan
OS 2070

Hnit: N64°10'59", V19°02'37"

Norðaustan vikur norður úr Krókslóni 4 km austnorðaustur af Sigöldustöð. Bolti stendur 2 cm upp úr móbergsklöpp efst á ávalri brúnni bungu. Suðaustar á sama fjalli eru óreglulegir móbergstindar. Akið veg 26 að Hálandismiðstöð við Hrauneyjar og 0,8 km austur og beygið inn á malbikaðan fjallveg F26 og akið 12 km eftir honum að vegamótum, en þar beint áfram 400 m að brú á skurði frá Vatnsfellsvirkjun. Akið 2,8 km frá brúnni inn á nýjan veg suðaustur móts við stað 64°11'37/19°00'11. Þar er slóð þvert á nýja veginn. Akið eftir henni um 1 km á stað 64°11'05/19°00'59 og þaðan nýja slóð um staði 64°11'06/19°01'30, 64°11'09/19°02'28 í stöð.

ODDG

Oddgeirshólar
LM 1055

1995

Hnit: N63°59'09", V20°48'50"

Ekinn er Suðurlandsvegur austur fyrir Selfoss og beygt til norðurs að bænum Oddgeirshólar (merkt Oddgeirshólar). Ekið er alveg að bænum. Mælipunktur er efst uppi á hólunum við bæinn. Hægt er að fengnu leyfi að aka yfir hlað og tún og er þá hægt að aka langleiðina upp á hólana. Uppi á hákollinum á hæstu klöppinni, sem er sunnan til á hólnum, er mælipunkturinn, ferstrendur bolti án áletrunar.

ONDV

Öndverðarnes
RH 8423

1995

Hnit: N64°00'16", V20°54'24"

Öndverðarnes er syðst í Grímsnesi. Ekið er yfir Sogsbrú gegnum Þrastaskóg, austur Grímsnesið. Fljótlega eftir að farið er framhjá vegamótunum Þingvellir/Gullfoss (og Gullfossleið er valin) er beygt í suður og ekið að bænum Öndverðarnesi (farið er í gegnum hlið og síðan framhjá golfvelli). Frá bænum liggur slóði áfram í suður og austur og er hann ekinn dagóðan spotta að berggangi (Kambur) einum. Ganga þarf norður og upp með Kambinum (um 200 m). Nagli í klöpp 12 m NA við hundapúfu. Lítil varða er 0,5-1,0 m NA við punkt.

PALA

Pála
RH 9311

1993

Hnit: N63°53'05", V19°43'32"

Punkturinn er austur af suðurhorni Vatnafjalla fremri, í Langvíuhrauni. Akið Fjallabaksveg syðri frá Keldum og akið 18.7 km. Akið slóða sem ruddur hefur verið með jarðýtu til norðurs, merktur með tveimur vörðum. Akið 3.6 km og farið yfir ána Hraunkvísl á leiðinni. Finnið vörðu sunnan megin við slóðan og akið þaðan 0.4 km til suðausturs. Punkturinn er koparbolti á ferhyrindri plötu, á 1 m hárrí hraubrík, og er merktur með 1 m hárrí vörðu. Áletrunin er RH 93 11. Ekki er hægt að sjá punktinn frá slóðanum.

The point is east of the south corner of the mountain Vatnafjöll fremri, in the lava flow Langvíuhraun. Take the mountain route Fjallabaksvegur syðri near Keldur and drive 18.7 km. Take a bulldozed track to the north, marked by two cairns. Drive 3.6 km, crossing the river Hraunkvísl on the way. Find a cairn on the south side of the track. Leave the track and drive 0.4 km to the SE. The point is a brass bolt with a square plate, set in a 1 m high lava outcrop, and is marked with a 1 m high cairn. Inscription RH 93 11. The point cannot be seen from the track.

RAFT

Raftholt

RH 8428

1995

Hnit: N63°56'13", V20°28'19"

Merkið er norðaustarlega á toppi Raftholts. Beygt er af þjóðvegi inn á veg framhjá Gíslholti (nr. 284). Vegurinn endar á Hagahringnum (nr. 286) og er þá beygt til suðurs upp brekku en austan vegarins er Raftholtið. Ganga þarf upp holtið og er gott að ganga meðfram girðingunni sem liggur sunnan í holtinu og svo yfir flatan toppinn að punktinum.

RAUK

Rauðkembangar

NE9329

1994

Hnit: N64°01'38", V19°35'28"

Merkið er á norðvesturbrún mikillar sandorpinnar hraunsléttu upp af Skjólkvíum norðaustan Heklu. Aka skal af Landmannaleið sunnan Valahnúka slóð sem liggur suður í Skjólkvíar inn með hrauninu frá 1970. Við mót hrauns og hliðar liggur slóðin í sneiðingum upp á fyrrnefnda sléttu og er merkið um 100 m norðan slóðar þegar upp er komið. Merkið er koparbolti boraður í hraunsnös sem er á vestur brún dálitillar lægðar. Það er hluti af hallamælingalínu og er 1 m há varða við merkið. Að merkinu verður ekki ekið með góðu móti fyrr en snjóa leysir á þessum slóðum en það er oft ekki fyrr en eftir miðjan júlí. Varist að nota önnur merki í línunni.

RETT

Réttarnes

2002

Hnit: N63°58'22", V20°02'40"

Punkturinn er á vesturhluta V-Leirubakka sprungunnar í Landssveit. Beygt er á Landveg við Vegamót frá þjóðvegi 1 og ekið í áttina að bænum Skarð. Akið fram hjá Skarði og 3.5 km til austurs. Akið um hlið á slóða til suðurs, en sorpgámur er um 0.2 km til vesturs frá þeim stað sem beygt er af veginum. Punkturinn er um 300 m austan slóðans, á flötu helluhrauni, um 20 m vestan áberandi sprunguhóls á V-Leirubakka sprungunni. Á toppi þessa sprunguhóls er varða sem sést vel frá slóðanum. Punkturinn er einnig merktur með vörðu, en hann er ryðfrír stálbolti með sexhyrndum haus, engin plata eða áletrun. Margir svipaðir punktar eru á þessu svæði, en allir hinum megin sprungunnar.

The point is on the western side of the W-Leirubakki Fault in the Land district, South Iceland. From route #1, take Landvegur road (#26) at Vegamót and drive towards the farm Skarð. Pass Skarð and drive 3,5 km to the east. Take a track to the south, there is a gate at the roadside. A trash container is located about 0.2 km west of this turn-off. Drive about 2 km on this track. The point is about 300 m east of the track, on a flat pahoehoe lava, about 20 (?) m west of a prominent push-up feature on the W-Leirubakki Fault. The push-up has a cairn on top of it

and is well visible from the track. The point is marked with a cairn as well. It is a stainless steel bolt with a hexagonal head, no plate and no inscription. There are several other, similar points in the area, all on the other side of the fault, however.

REYF

Reynisfjall I - stöpull

LM 0352

1992

Hnit: N63°25'08", V19°01'35"

Merkið er 550 m norðan við landmælingavörðu og sjónvarpsmastur á Reynisfjalli. Staðurinn er í móbergsklettum, 250 m norðan við háspennulínu og liggur slóð að staðnum. Klettarnir eru 5 x 8 m að stærð. Staðurinn er á brún fjallsins og er brött brekka niður til austurs frá klettunum. Akið eftir þjóðvegi 1 að Vík í Mýrdal og 1.1 km eftir vegi í asuturhlíðum fjallsins upp á brún og 200 m áfram til vesturs eftir þeim vegi, en beygið til norðurs og akið 250 m eftir slóð að stöplinum. Merki með áletrun OS 7377 er 60 m suðvestan stöpsulsins.

550 m north of cairn and TV-mast on Reynisfjall. The place is on cliff 250 m north of power line and there is a trail to the point. The cliffs are 5x8 m. the place is on the edge of the mountain and there is a steep slope down towards east from the cliffs. Drive on highway 1 to Vík í Mýrdal and 1,1 km on road in eastside of mountain up to a ledge and 200-m onwards west on that road, but turn north and drive 250 m on trail to pillar. Bolt OS7377 is 60 m SW of the pillar.

REYN

Reynisfjall II

OS 7377

1986

Hnit: N63°25'06", V19°01'38"

Punkturinn er á Reynisfjalli við Vík í Mýrdal. Vegur liggur frá þorpinu upp á topp fjallsins og merkið er í móbergi, 500 m norðan þríhyrningamælingavörðu og sjónvarpsmasturs, og 200 m norðan háspennulínu. Slóði liggur að norðurenda móbergskletts sem er 16 m breiður og 5 m hár. Merkið er 13 m ofan syðsta endans og hægt er að keyra alveg að merkinu. Koparbolti og plata með áletruninni OS 7377. Steypur stöpull er 60 m norðaustan merkisins.

The point is on the mountain Reynisfjall near the village Vík on the south coast. A road leads from the village to the top of the mountain and the marker is set in a breccia 500 m north of the old triangulation cairn and TV antenna, and 200 m north of a transmission line. A track leads to the north end of the breccia formation which is 16 m broad and 5 m high. The marker is 13 m from the southernmost end, and one can drive right up to the marker. Brass bolt and a plate with inscription: OS 7377.

RHL

Rauðhólar

OS5827

1977

Hnit: N64°03'55", V17°54'37"

Á Rauðhólum sunnan Skaftárjökuls og 32 km norðan Kirkjubæjarklausturs. Á syðri enda Rauðhóla er rauður hnúkur, en á nyrðri endanum er móbergshnúkur, og er stöðin syðst á honum, þar sem eru klettur og mosi á milli þeirra. Merkið er í móbergsklöpp, en einum metra vestar er kista um 1 m að hæð, rúman metra á breidd, 5 m að lengd, sem liggur norðnorðvestur-suðsuðaustur. Ekið var frá hringveginum eftir gamalli slóð vestan Kálfafellskots, upp með Brunná og að fjallinu austan megin.

RJUP

Rjúpnafell

NE9303

1993

Hnit: N63°37'08", V18°37'57"

Merkið er á lágum en kúptum helluhraunsfláka um 1.5 km austan suðurenda Rjúpnafells á norðanverðum Mýrdalssandi. Til að nálgast staðinn skal aka slóð sem liggur til vesturs frá gamla þjóðveginum um 600 m sunnan Hólmsárbrúar hjá Hrífunesi. Um 1 km er að vegamótum sunnan brúar yfir Leirá en aka skal ógreinilegri slóðina til vesturs og eftir um 6.5 km frá gamla þjóðveginum er komið á móts við merkið sem er um 50 m norðan slóðar. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður niður í kúptan helluhraunsfláka, og eru tvær áberandi vörður sín hvoru megin við merkið.

SATU

Sátubotnahnúkar

NE200105

2001

Hnit: N63°52'51", V19°15'00"

Merkið er á móbergskolli upp af Sátubotnum um 70 m norðan Fjallabaksvegar syðri. Ferðamenn hafa hlaðið fjölmargar vörður á kolli þessum sem er norður endi móbergshryggjar þess sem slóðin liggur eftir. Um 6.4 km eru frá Álftavatnsskála að merkinu og um 10 km frá vegamótum til Hrafninnuskers í Laufahrauni. Þetta er koparbolti boraður í móbergsklöpp og er varðan við hann snertispöl austan förumannahraukanna.

SAUR

Saurbær

NE 9707

2000

Hnit: N63°59'04", V20°25'32"

Merkið er á klapparholti um 500 m suðvestan Saurbæjar í Holtum. Aka skal um 350 m suðvestur fyrir heimreiðina að Saurbæ og sveigja þar til suðausturs eftir veginum að Guttormshaga. Eftir um 200 m er komið á klapparholtið og er merkið um 17 m suðvestan vegarins á suðurbrún klapparinnar. Lítil varða er sunnan merkisins sem er koparbolti boraður í harða klöpp.

SB

Búðarháls suður

LM 0196

1935

Hnit: N64°03'43", V20°31'25"

Á Búðarhálsi 8 km norðvestan Hrauneyjalóns. Bolti stendur 35 mm upp úr steini og skífa leikur laus neðst á boltanum, sem er digurri efst. Merkið er 5 m austan slóðar. Akið þjóðveg 26 að Hálendismiðstöð við Hrauneyjar og áfram 1,2 km austur og beygið til vinstri inn á malbikaðan fjallveg F26 og akið 4 km á stað 64°12'53"/19°12'40" og beygið til vinstri og akið 2,3 km að vaði á Köldukvísl og yfir á stað 64°14'03"/19°13'18". Akið um 7 km á stað 64°17'40"/19°13'22" og beygið til vinstri og akið 6,7 km í stöð.

SBJA

Suðurbjallar

NE80054

1993

Hnit: N64°01'01", V19°45'47"

Merkið er á Suðurbjöllum, sem er syðsti hluti móbergshryggjar milli Næfurholts-fjalla og Litlu-Heklu. Aka skal slóð sem liggur upp bratta brekku skammt norðan Gamla-Næfurholts framhjá Hafurshorni og Glerhaus, en um 1500 m norðan hans er varða á brekkubrún. Frá vörðunni fer slóðin niður í leysingafarveg og eftir honum um 500 m til norðausturs, þar sem hún liggur upp úr farveginum, og svo áfram til suð-austurs upp aflíðandi brekku í stefnu á Suðurbjalla. Merkið er koparbolti, boraður í móbergsklöpp í syðsta kollinum, og er lítil varða við hann.

SEJA

Seljaland – stöpull

LM 0354

1992

Hnit: N63°36'40", V19°59'29"

Við bæinn Seljaland undir Eyjafjöllum. Staðurinn er á 5-10 m breiðum og 30 m löngum grágrýtisklöppum um 200 m norðan húsa að Seljalandi. Staðurinn er 400 m frá hliði í slóð, sem liggur upp frá útihúsi næst hringvegi upp á hæðir norðan bæjarins. Vestur-Eyjafjallahreppur lét reisa stöpulinn. Akið hringveg austur fyrir Markarfljótsbrú að vegi, sem merktur er 248 Stóra-Mörk og fram hjá honum 300 m að heimreið að Seljalandi. Akið 13 m inn í heimreiðina og opnið hlið vestan hennar og akið þar 400 m eftir slóð upp á hæðir. Jeppa er þörf til að komast alveg í punktinn.

By farm Seljaland under Eyjafjöll. The place is on 5-10 m wide and 30 m long rock about 200 m north of houses at Seljaland. The place is 400 m from gate to trail leading from outhouse closest to highway 1 up to hills north of farm. Drive highway 1 east over Markarfljóts bridge to road marked 248 Stóra-Mörk and past it 300 m to driveway to Seljaland. Drive 13 m in to driveway and open gate west of it and drive there 400 m along a trail up to hills. A jeep is necessary to get to point.

SEL

Selsundsfall

LM 3058

Hnit: N63°55'21", V19°55'20"

Á Selsundsfalli 15 km suðvestur af Heklu. Skjöldur er festur við móbergsklöpp efst á fjallinu og er vörðubrot um merkið. (Sumarið 2001 var notuð þyrta við mælingar á Selsundsfalli. Vegna þoku var staðurinn yfirgefinn í flýti, og ekki gafst tími til að endurhlaða vörðuna um merkið). Akið að Selsundi og þaðan að fjallinu.

SELJ

Seljavellir

NE9404

1994

Hnit: N63°33'45", V19°37'57"

Merkið er á Lambafellsheiði upp af bænum Seljavöllum undir Eyjafjöllum. Aka skal heimreiðina að Seljavöllum en 30 m áður en komið er að íbúðarhúsinu, er hlið á girðingu vinstra megin við veginn og eftir að hafa fengið leyfi ábúenda skal aka gegnum hliðið inn á

tún sem er neðan undir skógræktargirðingu. Aka skal yfir túnið og svo í gegnum annað hlið, sem er sunnan skógræktarinnar, en þaðan liggur glögg slóð upp brekkur Lambafellsheiðar. Í bleytutíð er forarvilpa neðarlega í brekkunni og þarf vel búinn bíl til að yfirstíga hana. Halda skal eftir slóðinni upp heiðina þar til komið er að grjótgili og liggur slóðin þar á hamrabrún, sem er vinstra megin hennar, en til hægri handar er bergkollur og uppi á honum er merkið. Þetta er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður í vesturbrún bergkollsins, og er varða hlaðin við hann. Önnur varða er á miðjum kollinum til nánari auðkenningar.

SIGL

Sigöldulína

D 17

1994

Hnit: N64°07'34", V19°07'12"

Aka skal frá vegamótum norðan í Sigöldu í átt til Landmannalauga í um 5.5 km. Merkið er á móbergskolli, um 20 m vestan vegarins, undir háspennulínunni. Það er koparbolti með áletruninni DARTMOUTH 17. Varða er við merkið.

SKAF

Skaftafell

RH 9603

1996

Hnit: N64°01'11", V16°58'52"

Punkturinn er inni í Þjóðgarðinum í Skaftafelli á brún gljúfurs þar sem sér yfir Hundafoss. Leyfi þarf hjá landvörðum til að aka að staðnum. Akið í áttina að bænum Skaftafelli, upp hæðina, og stöðvið við þriðju beygju til vinstri. Punkturinn er á klöpp, 8 m frá veginum og 4 m frá klettabrún. Koparbolti með áletruninni RH 96 03.

The point is within the Skaftafell National Park on the edge of the gorge overlooking the Hundafoss falls. A permission is needed from the rangers to enter the park in a car. Drive towards the Skaftafell farm, up the hill, and stop at the 3rd left turn. The point is in a dyke outcrop, 8 m from the road and 4 m from the edge of the cliff. Brass bolt and a plate with the inscription RH 96 03.

SKAR

Skarðsfjall

LM 3072

1995

Hnit: N64°02'46", V20°19'29"

Merkið er uppi á hæstu hæðinni austan bæjarins Skarðs í Hreppum. Frá Skeiðavegi (nr. 30) er beygt heim að Skarði og þaðan er hægt að keyra línuveg inn á milli hæðanna. Keyrt er meðfram nyrðri línunni að staur sem er í Tröllaskörðum þar sem sér til bæjanna í austri. Þaðan þarf að ganga upp fellið um 300 m til suðurs. Merkið er á hæsta toppi fellsins. Þessi punktur er ekki í klöpp!

SKEA †

Skeiðará

Hnit: N63°59'02", V17°01'52"

Punkturinn var á vestan Skeiðarár og norðan Þjóðvegur nr. 1. Beygið af Þjóðveginum við fjárhlið 0.7 km vestan Skeiðarárbrúar. Akið 1 km til norðurs, beygið þar til vesturs og haldið áfram í 50 m á slóða. Punkturinn er 13 m norðan slóðans, merktur með tréstíku. Punkturinn

var á toppi 2 m langs ryðfrís stálbúts sem rekinn var í sandinn, og stóð um 4 cm upp úr sandinum. Engin áletrun var á honum. Varist að rugla saman við annað merki, 95 m til austurs. Það er ryðguð 25 mm járnstöng sem rekin er í sandinn og er einnig merkt með tréstíku. Punkturinn eyðilagðist í Skeiðarárhlaupi árið 1998.

The point is west of Skeiðará river and north of route #1. Turn off route #1 at a cattle gate 0.7 km west of the Skeiðará bridge. Drive 1.0 km to the north, then turn west and continue about 50 m on a track. The point is 13 m north of the track, marked by a wooden stake. The point is the top of a 2 m long stainless steel rod driven into the sand. It about 4 cm out of the sand. No inscription. Beware of a second marker, 95 m to the east. It is made of a rusty , 25 mm iron rod driven into the sand, and also marked with a wooden stake. The point was lost in floods in Skeiðará 1998. The point was lost in floods in Skeiðará 1998.

SKER

Sker

NE9201

1992

Hnit: N63°33'11", V18°56'12"

Merkið er á svokölluðu Skeri efst á Höfðabrekkuafrétti suðaustan Mýrdalsjökuls. Aka skal veg númer 214 inn í Kerlingardal, upp á Kerlingardalsheiði, Höfðabrekkuheiði og niður undir gamla brúarstæðið við Múlakvísl. Þaðan skal halda norður slóð sem liggur eftir aukum Múlakvíslar og svo norður yfir Afréttisá inn mynni Þakgils. Er inn í gilið kemur, sveigir slóðin til norðvesturs inn afgil milli Miðfells og Þakgilshöfuðs. Eftir það er slóðin auðrakin þar sem hún sneiðist upp brattann milli Miðtungugils og Þakgils. Þetta er einn hrikalegasti vegur, sem lagður hefur verið hér á landi, og er aðeins fær seinni hluta sumars. Slóðin endar á hamrabrun gegnt Huldufjöllum en þau eru jökulsker í suðaustanverðum Mýrdalsjökli. Merkið er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður í móbergshöfða sem að miklu leyti er þakinn urð. Höfðinn er skammt austan slóðarinnar, er upp á Skerin kemur, og eru um 8 km að merkinu frá gamla brúarstæðinu við Múlakvísl en um 1.5 km frá því að slóðarenda. Áberandi varða er hlaðin við merkið.

SKH

Skriðuheiði

OS 5161

Hnit: N64°16'37", V20°06'02"

Á Skriðuheiði um 3 km austur af bænum Jaðri og 13 km norðaustur af brú við Brúarhlöð. Bolti stendur 2 cm upp úr lélegri, sprungri, lagsskiptri og hallandi klöpp 1,2x2,0 m að stærð og 0,3 m að hæð móti suðri. Staðurinn er 200 m austan bílaslóðar. Akið þjóðveg 30 norður frá brú á Hvítá við Brúarhlöð að skilti með áletrun Tungufell, Jaðar, Hrunamannaafréttur og akið 2,3 km norður að vegi 'Hrunamannaafréttur' á stað 64°17'06.5/20°10'04.7 og eftir þeim vegi fram hjá Jaðri að skilti 'Tungudalur' á stað 64°17'06.6/20°08'53.7 og beygið þar til hægri. Akið veg og síðan slóð um staði 64°16'21.7/20°08'12.1 (beygið til vinstri), 64°16'13.2/20°07'39.3 (lækur), 64°16'42.0/20°06'09.5 (200 m frá mælistöð). 45 mínútna akstur frá Geysi.

SKHR

Skógshraun

OS 7365

1986

Hnit: N63°50'14", V19°52'56"

Akið veg nr. 264 að Gunnarsholti, austan Hellu og akið 16 km að vegamótum nálægt Keldum. Akið 11 km eftir Fjallabaksleið syðri upp langa brekku að flötum hraunstraumi vestan

Hafrafells. Punkturinn er við hraunhól í sandorpu hrauni, 15 m norðan og 5 m fyrir ofan veginn efst í brekkunni. Merkið, sem er með áletruninni OS 1986 7365, er 1 m vestan hæsta hólsins á hraunbrúninni.

Take route #264 to Gunnarsholt, east of Hella and drive 16 km to the crossroads near Keldur. Drive 11 km along road/track marked Fjallabaksleið syðri. Drive up a long slope to a flat lava field west of Hafrafell. The point is in a sandy lava outcrop, 15 m north of and 5 m above the road at the top of the slope. The marker with inscription OS 1986 7365 is 1 m west of the highest point of the outcrop.

SKJA

Skjaldbreið

NE80047

1993

Hnit: N64°04'50", V19°35'57"

Merkið er á Skjaldbreið sem er móbergshvöll í austanverðu Sölvahrauni nærri Fjallabaksvegi nyrðri (Landmannaleið). Aka skal um 7500 m frá vegamótum Landmannaleiðar og þjóðvegur númer 26 og er þá komið á mótis við Skjaldbreið sem er um 200 m sunnan slóðar. Merkið er koparbolti, boraður niður í móbergsklöpp þar sem hvolinn ber hæst. Auðvelt er að aka upp á hvolinn að vestanverðu.

SKOG

Skógá

OS 7486

1989

Hnit: N63°34'35", V19°26'43"

Punkturinn er nálægt slóðanum upp á Fimmvörðuháls, rétt sunnan vaðsins yfir Skógá. Af vegi nr. 1 er beygt að bænum Skógum og haldið áfram 8 km eftir slóða sem liggur upp bratt hlið bak við bæinn. Punkturinn er í jökulsorfinni klöpp, 2 x 5 m í þvermál, 35 m vestan slóðans, 120 m sunnan vaðsins og 85 m austan göngubrúar. Koparbolti og plata með áletruninni OS 1989 7486.

The point is near the track to Fimmvörðuháls, just south of the ford on river Skógá. From route #1, turn to the farm Skógar and continue 8 km on a track up the steep hill behind the farm. The point is in flat bedrock outcrop, 2x5 m in diameter, 35 m west of the track, 120 m south of the ford and 85 m east of a footbridge. Brass bolt and a plate with inscription OS 1989 7486.

SLAN

Langisjór S

FM 546

1991

Hnit: N64°06'23", V18°27'23"

Punkturinn er við suðvestur enda Langasjávar. Hægt er að komast að vatninu eftir slóða sem liggur frá vegi F22, Fjallabaksleið nyrðri, vestan Eldgjár og Herðubreiðarháls. Punkturinn er koparbolti í berghól, um 200 m sunnan vatnsins, 18,246 m fyrir ofan vatnsborðið. Málmtunna fyllt grjóti er við punktinn, en platan með áletruninni er horfin. Lýsing frá árinu 1991.

The point is at the SW end of lake Langisjór. The lake can be reached along a track that branches off route F 22, Fjallabaksleið nyrðri, west of Eldgjá and Herðubreiðarháls. The point is a brass pin in a bedrock, on an outcrop about 200 m south of the lake, 18,246 m above the lake level. A metal barrel filled with rocks marks the point. The inscription plate is lost. Description : 1991.

SLET

Sléttubjörg

RH 9605

1996

Hnit: N 63°56'20", V 16°37'32"

Punkturinn er í suðurhlíðum Örfafajökuls. Beygið af Þjóðvegi 1, 0.6 km vestan bæjarins Hnappavellir, 3.2 km austan kaupfélagsins á Fagurhólsmýri. Slóðinn upp fjallið er mjög brattur, jeppa er þörf. Farið fram hjá endurvarpsstöðinni og haldið áfram upp brekkuna, samtals 5.8 km. Punkturinn er um 300 m ofar í hlíðinni á flatri hraunklöpp (slóðinn heldur áfram, en var ófær vegna snjóá í júlí 1996). Auðvelt er að sjá klöppina í fjarska, þar sem áberandi grænn mosi vex í brekkunni neðan við hana. Koparbolti og plata með áletruninni RH 96 05.

The point is on the south flank of the Örfafajökull volcano. Turn off route #1, 0.6 km west of the farm Hnappavellir, 3.2 km east of the shop at Fagurhólsmýri. The track up the mountain is very steep, use 4WD, low range. Pass the radio repeater station and continue up the hill, a total distance of 5.8 km. The point is about 300 m farther up the hill, on a flat lava outcrop (the track continues, but was impassible due to snow in July 1996). The outcrop is clearly visible from the distance, due to a patch of green moss growing on the slope beneath is. Brass bolt and plate, inscription RH 96 05.

SM

Sámsstaðamúli

OS 5111

Hnit: N64°06'19", V19°49'29"

Á Sámsstaðamúla yfir stöðvarhúsi Búrfellsstöðvar. Bolti stendur 3 cm upp úr jarðföstum steini 80x170 cm að stærð á brún móti suðri (svo að sést niður í Sámsstaðaklif). Hlaðið er að steininum sunnan megin til að hægt sé að stilla upp yfir boltanum. Staðurinn er 170 m austan lokuvirkis utan í múlanum og 40 m sunnan kofa og trémasturs með loftneti. Akið veg 32 að lokuvirki norðan Bjarnarlóns ofan Búrfellsstöðvar. Og þar út á breiðan veg samsíða og fast við Þjóðveg 32. Akið hann til vesturs 3,5 km á stað 64°06'28"/19°48'41 og þar inn á slóð til vinstri, sem liggur 600 m nærri beina leið í mælistöðina.

SNAE

Sæbýli - föst stöð

NE9907

1999

Hnit: N63°44'11", V18°37'57"

Merkið er á toppi svokallaðs Skers sem er móbergskollur norðan vegarins inn á Syðri Fjallabaksleið, um 1 km vestan Snæbýlis í Skaftártungum. Merkið er undir miðjum málmstöpli sem ætlaður er til samfelldra mælinga. Aka skal sem leið liggur austur Þjóðveg nr.1 frá Reykjavík og svo af honum austan Kúðafljóts norður yfir Eldvatnið hjá Ásum. Þaðan norður Skaftártungur inn á afleggjarann hjá Grafarkirkju og svo áfram vestur yfir brúna á Tungufljóti. Þar skiptast leiðir og halda skal til suðurs að bænum Snæbýli sem er skammt undan og þaðan inn á Fjallabaksslóðina. Hægt er að aka upp á Skerið á jeppa.

SNAS

Snasir
RH 8430
1989

Hnit: N63°54'05", V20°25'12"

Af vegi nr. 1 er beygt á veg nr. 26 í Holtum. Nálægt kirkjunni á Marteinstungu er beygt til austurs í átt að heitavatnstönkum. Farið fram hjá tönkunum og akið slóð sem liggur meðfram heitavatns rörunum (um 1-1.5 km). Punkturinn er á litlum basalt hól, um 200 m vestan slóðainnar.

From route #1, take route #26 to the Holt district. Near the church at Marteinstunga turn to the east towards hot-water reservoirs. Pass the reservoirs and take a track along the hot-water pipeline (about 1-1.5 km). The point is on a small basalt hill, about 200 m west of the track.

SOHH

Sólheimaheiði
NE9214
1992

Hnit: N63°32'54", V19°15'29"

Merkið er ofarlega á Sólheimaheiði sunnan Mýrdalsjökuls. Aka skal afleggjarann að Ytri-Sólheimum og svo inn á slóðina upp á Sólheimaheiði fyrir vestan bæjar-hverfið. Eftir um 9.7 km akstur frá Þjóðvegi númer 1 er komið að austurhlið jökulskafins klapparholts sem gengur út úr jökulruðningi er að mestu hylur landið umhverfis. Frá slóðinni er um 40 m suðvestur að merkinu sem er koparbolti með ferkantaðri skífu, boraður í þetta jökulsorfna klöpp, og er allstór varða hlaðin við staðinn. Slóðin heldur áfram að jökulrönd Mýrdalsjökuls en um 500 m norðan merkis er ferðamannaskáli Sólheimabænda.

SOHO

Sólheimaheiði - föst stöð
NE9905
1999

Hnit: N63°33'09", V19°14'49"

Merkið er efst á Sólheimaheiði, 400 til 500 m austan við Ferðamannaskála Sólheimabænda. Það er undir miðjum málmstöpli þar sem GPS loftneti hefur verið komið fyrir til samfelldra mælinga. Stöpullinn er á háu jökulsköfnu hvalbaki sem

